# Ársskýrsla

## Stúdentafélags Háskólans á Akureyri



Stúdentafélag Háskólans á Akureyri

2019-2020

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri

Ársskýrsla 2020



# Efnisyfirlit

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri ........ 1
Ávarp formanns ........ 1
Skýrsla Stúdentaráðs ........ 6
Stúdentaráð ........ 6
Skýrsla Framkvæmdastjórnar ........ 10
Starfsemi framkvæmdastjórnar ........ 10
Pistill frá framkvæmdastjórn ........ 11
Skrifstofa félagsins – nýtt húsnæði, D-hús ........ 14
Aðalfundur 2020 ........ 16
Landssamtök íslenskra stúdenta ........ 22
Skýrslur fastanefnda SHA ........ 26
Alþjóðanefnd ........ 26
Fjarnemanefnd ........ 29
Gæðanefnd ........ 31
Kynninganefnd ........ 33
Viðburðanefnd ........ 36
Skýrslur stúdenta í nefndum og ráðum Háskólans á Akureyri ........ 39
Háskólaráð ........ 40
Gæðaráð ........ 43
Siðanefnd ........ 46
Jafnréttisráð ........ 47

Umhverfisráð ........ 49
Vísindaráð ........ 51
Stjórn FÉSTA ........ 52
Aðildarfélög SHA ........ 54
Ársskýrsla Data ........ 55
Ársskýrsla Eirar ........ 60
Ársskýrsla Forseta ........ 66
Ársskýrsla Kumpána ........ 73
Ársskýrsla Magister ........ 78
Ársskýrsla Reki ........ 85
Ársskýrsla Stafnbúa ........ 89
Ársskýrsla Þemis ........ 93
Ársreikningur Stúdentafélags Háskólans á Akureyri ........ 97
Ársreikningar aðildarfélaga ........ 100
Ársreikningur Data ........ 100
Ársreikningur Eirar ........ 102
Ársreikningur Forseta ........ 104
Ársreikningur Kumpána ........ 106
Ársreikningur Magister ........ 108
Ársreikningur Reka ........ 110
Ársreikningur Stafnbúa ........ 112
Ársreikningur Þemis ........ 114

# Stúdentafélag Háskólans á Akureyri

## Ávarp formanns



Ég hef notið þeirrar gæfu að fá að leiða Stúdentafélag Háskólans á Akureyri síðustu tvö starfsár sem formaður félagsins en þar áður gegndi ég embætti varaformanns SHA. Fyrir það, sat ég í stúdentaráði fyrir hönd Magister, félags kennaranema. Það má því segja að ég hafi smitast af einhverri bakteríu, ólæknandi bakteríu fyrir hagsmunabaráttu stúdenta en fyrst og fremst ólæknandi bakteríu fyrir SHA og HA. Það eru að mínu mati forréttindi að fá að starfa fyrir SHA en mesta gæfan sem því hefur fylgt eru allir þeir einstaklingar sem ég hef kynnst á leiðinni og vinir mínir sem ég mun eiga til lífstíðar. Þá er von mín sú að í náinni framtíð munu enn fleiri sækjast eftir því að gegna trúnaðarstörfum innan háskólasamfélagsins. Ég vil meina að ég hafi nælt mér í auka gráðu með þeirri reynslu og þeim lærdómi sem ég hef öðlast síðustu ár.

SHA á sér nokkuð skemmtilega og fallega sögu. Félagið byrjaði sem skemmtanafélag, sem hafði það eitt að markmiði að sjá til þess að stúdentar fengju alltaf nægilega mikið magn af bjór og skemmtun. Til allra hamingju, hefur félagið þroskast og dafnað og orðið að því sem það er í dag. Félagið er í dag fyrst og fremst hagsmunafélag stúdenta og er hlutverk framkvæmdastjórnar að halda skrifstofu félagsins opinni ásamt því að einblína fyrst og fremst að hagsmunamál og hagsmunagæslu stúdenta. Þá spilar stúdentaráð hér lykilhlutverk og fulltrúar stúdenta sem eiga sæti í hinum ýmsu nefndum og ráðum HA. Stúdentar eiga sinn

fulltrúa á öllum helstu stöðum innan HA. Það er mikilvægur sigur að hafa náð því á sínum tíma og ekki sjálfsagt. Því skiptir gríðarlega miklu máli að þeir fulltrúar sem eru skipaðir til þess að sitja deildarfundi, fræðasviðsfundi o.s.frv., mæti á fundi, undirbúi sig og séu virkir þátttakendur. Með því, er hægt að gera háskólasamfélagið okkar sterkara og öflugra. Við erum heppin þegar kemur að þessari lýðræðislegu þátttöku stúdenta innan HA, rektor, á þar mikið hrós skilið fyrir það að hvetja stúdenta til virkrar þátttöku strax frá fyrsta degi, auk annarra starfsmanna sem sýna það virkilega í verki að rödd stúdenta skipti máli.

Starfsárið sem nú er að líða undir lok hefur verið fjölbreytt, krefjandi, gefandi og skemmtilegt. Við höfum þurft að takast á við hinar ýmsu áskoranir í okkar störfum en mest krefjandi er sennilega sú staðreynd að Háskólinn á Akureyri er að stækka, um of, miðað við það fjármagn sem háskólanum er úthlutað. Á starfsárinu höfum við því þurft að álykta um erfið mál, sem geta verið sár. Ég er þó stolt af Stúdentaráði sem hefur verið afar skynsamt í þeirri umræðu og hugsað út frá heildinni og ætíð haft gæði náms og kennslu í fyrsta sæti í allri umræðu er varðar nemendafjölda. Ég trúi því þó, heitt og innilega, að stjórnvöld muni gera sér grein fyrir því mikilvæga hlutverki sem Háskólinn á Akureyri gegnir á landsvísu. Það er vegna HA sem að einstaklingar, hvar á landinu sem er, geta sótt sér menntun. Innritunartölur háskólanna síðustu ár eru afar áhugaverðar og þarf að mínu mati að fá mun meira pláss í umræðunni. Það er staðreynd að Háskólinn á Akureyri er eini háskólinn á landinu sem er að stækka verulega og hafa vaxtarverkir hans haft mikil áhrif síðustu ár en þeir hafa orðið til þess að grípa hefur þurft til aðgangstakmarkana í auknum mæli. Slíkt er síður en svo einfalt, sérstaklega þegar stjórnvöld kalla eftir fjölgun hjúkrunarfræðinga og þegar sérstakt átak er gert varðandi aukningu kennaranema. Það er löngu kominn tími til að auknar vinsældir HA verði viðurkenndar, háskólinn gegnir ákveðinni sérstöðu í samfélaginu og samfélagsleg ábyrgð hans er mikil.

Það sem hefur vantað einna helst þegar kemur að störfum SHA er stefna félagsins. Ég, sem og aðrir fulltrúar stúdenta höfum rekið okkur á það í störfum okkar að það væri gott og gagnlegt að geta vísað í einhverja stefnu, málum okkar til stuðnings hverju sinni. Ég setti mér

það að markmiði að ég myndi ekki hætta að starfa fyrir SHA fyrr en að slík stefna væri tilbúin. Það er því mikill sigur, að stefnan sé loksins tilbúin og ég er ótrúlega stolt af stefnunni og vinnunni sem liggur að baki, þá sérstaklega einstaklingunum sem gerðu stefnuna að veruleika. Að vinnunni komu fjölbreyttur hópur stúdenta og þannig er stefnan marktækari og sterkari. Von mín er sú að stefnan verði ekki geymd ofan í skúffu, heldur að hún verði lifandi skjal og leiðarvísir sem Stúdentaráð vinnur að og með hverju sinni. Fráfarandi Stúdentaráð hefur nú þegar sett leiðbeiningar fyrir komandi starfsár að einblína skuli á kaflana í stefnunni er varða gæðamál, náms- og kennslumál og húsnæðismál.

Það gera sér eflaust ekki allir grein fyrir því en það er full vinna að starfa fyrir SHA. Þrátt fyrir að það sé oftast ótrúlega skemmtilegt og gefandi, er vinnan krefjandi, tímafrek og oft á tíðum flókin. Þeir sem sækja í trúnaðarstörf á vegum félagsins, þurfa því að gera það að alvöru, með heilum hug og vera tilbúnir til þess að fórna ýmsu. Að mínu mati, hafa allir þeir einstaklingar sem hafa starfað fyrir félagið, gert það af heilum hug og unnið ötult og óeigingjarnt starf í þágu stúdenta, það er ómetanlegt og alls ekki sjálfsagt. Krafturinn sem hefur einkennt starfsárið er einstakur og er ég ótrúlega stolt og þakklát fyrir allt það fólk sem hefur lagt sitt af mörkum á starfsárinu. Hlutirnir hefðu aldrei gengið upp og aldrei gengið eins vel og raunin var á starfsárinu án ykkar, þið vitið hver þið eruð. Ég vil sérstaklega þakka Stúdentaráðinu mínu, fyrir óeigingjörn störf í þágu háskólans. Þá eiga Daníel Gunnarsson og Leifur Guðni Grétarsson skilið sérstakar þakkir fyrir vinnuna sem þeir hafa lagt á sig þegar kemur að nýja námskeiðsmatinu. Helgu minni og Jóni mínum vil ég þakka sérstaklega fyrir sambúðina, hún er búin að vera allskonar en fyrst og fremst góð og það er dýrmætt að eiga ykkur bæði að sem vini um ókomna tíð.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnar vil ég þakka öllum þeim sem hafa veitt okkur ómetanlega hjálparhönd á starfsárinu, enn og aftur fyrir allt. Án ykkar hefðu hlutirnir ekki gengið eins vel og fyrir það erum við þakklát. Ég geng stolt og glöð frá borði og hlakka til þess að vera stuðningsmaður SHA númer eitt, um ókomna tíð.

Að lokum langar mig til þess að minnast Sólveigar Hrafnsdóttur, kærrar vinkonu minnar og forstöðumanns náms- og starfsráðgjafar sem kvaddi okkur alltof snemma í byrjun þessa árs. SHA á Sólveigu mikið að þakka en segja má að hún hafi verið sérlegur ráðgjafi stjórnar í fjölda ára. Fjöldi mála og verkefna á vegum félagsins hafa verið unnin ýmist í samstarfi eða samráði við hana. Með hagsmuni stúdenta í fyrsta sæti, aðstoðaði hún við stofnun Stúdentaráðs og fyrir það geta stúdentar HA verið þakklátir.

*Akureyri, 27. febrúar 2020*

*Sólveig María Árnadóttir*

*Formaður Stúdentafélags Háskólans á Akureyri 2019-2020*

*Stúdentafélag Háskólans á Akureyri er félag allra innritaðra stúdenta við Háskólann á Akureyri. Félagið er fyrst og fremst hagsmunafélag stúdenta, bakland og sameiningartákn aðildarfélaga þess og þeirra aðila sem sinna trúnaðarstörfum á vegum félagsins. Stúdentafélag Háskólans á Akureyri hefur yfirumsjón með viðburðum á sviði skemmtana-, íþrótta- og fjölskyldumála og stendur á bakvið aðildarfélög sín til þess að sinna þessum málaflokkum innan sinna deilda. Félagið stendur vörð um hagsmuni heildarinnar, stuðlar að bættri heilsu og líðan stúdenta og vinnur náið með starfsfólki háskólans að kynningarmálum, hagsmunamálum og öðru því sem snertir stúdenta, beint eða óbeint. Auk þess sem félagið vinnur náið með hagsmunafélögum annarra stúdenta, sérstaklega í gegnum LÍS – Landssamtök íslenskra stúdenta.*

# Skýrsla Stúdentaráðs

## Stúdentaráð

Stúdentaráð fer með æðsta vald félagsins milli aðalfunda, tekur bindandi ákvarðanir fyrir framkvæmdastjórn og fulltrúa félagsins, stendur við bakið á stúdentum í ráðum og nefndum og er þeim innan handar í embættisstörfum þeirra. Stúdentaráð skipa framkvæmdastjórn, formenn aðildarfélaganna og formenn fastanefndanna sem kosnir eru til eins árs í senn auk þess á fulltrúi stúdenta í Háskólaráði HA á sæti í stúdentaráði.

### Stúdentaráð starfsárið 2019-2020:

**Sólveig María Árnadóttir**, formaður og fulltrúi stúdenta í Háskólaráði HA
**Helga Björg Loftsdóttir**, varaformaður
**Jón Hlífar Aðalsteinsson**, fjármálastjóri
**Þórný Stefánsdóttir**, formaður Data
**Eva María Matthíasdóttir**, formaður Eirar
**Bjartur Ari Hansson,** formaður Forseta
**Steinunn Alda Gunnarsdóttir**, formaður Kumpána
**Helena Sjørup Eiríksdóttir,** formaður Magister
**Sigrún Sól Jónsdóttir**, formaður Reka
**Amelía Ósk Hjálmarsdóttir**, forseti Stafnbúa til ágúst 2019
**Almar Knörr Hjaltason**, forseti Stafnbúa
**Nökkvi Alexander R. Jónsson**, formaður Þemis
**Fanný Traustadóttir**, formaður Alþjóðanefndar
**Karen Jónasdóttir**, formaður Kynninganefndar
**Elfa Björk Víðisdóttir**, formaður Viðburðanefndar
**Ágústa Skúladóttir,** formaður Fjarnemanefndar
**Daníel Gunnarsson**, formaður Gæðanefndar

### Pistill frá stúdentaráði

Fyrsti fundur stúdentaráðs var haldinn 20. mars 2019 en alls voru haldnir 8 formlegir fundir á starfsárinu. Á þessu starfsári áttu 16 einstaklingar sæti í stúdentaráði en formaður SHA situr einnig í Háskólaráði og því voru fulltrúar stúdentaráðs 17, líkt og lögin kveða á um. Fulltrúum

í stúdentaráði hefur fjölgað frá fyrra starfsári, stofnuð var ný fastanefnd, gæðanefnd og á formaður hennar sæti í stúdentaráði. Þá var sú lagabreyting gerð að fulltrúi stúdenta í Háskólaráði HA eigi sæti í stúdentaráði og teljum við það vera mikilvæga breytingu til þess að undirbúa háskólaráðsfulltrúann betur fyrir fundi, auk þess sem upplýsingaflæði er mun skilvirkara, þar sem að ekki er tryggt að formaður SHA sitji endilega í Háskólaráði. Loks var nýtt aðildarfélag stofnað í lok síðasta starfsárs, Forseti, félag lögreglufræðinema, en áður tilheyrðu lögreglufræðinemar Þemis, félagi laganema. Lögreglufræðinemar kölluðu eftir eigin hagsmunafélagi, nemendum sínum til hagsbóta. Teljum við þó að á komandi starfsári þurfi að skoða endurskipulag aðildarfélaganna, með tilliti til nýs skipurits deilda og sviða háskólans.

Á fyrsta fundi var farið yfir starfsemi ráðsins og línur lagðar fyrir komandi starfsár. Líkt og síðustu starfsár var einhljóma hugur um það að rauði þráðurinn í starfsemi stúdentaráðs ætti að vera hagsmunabarátta og hagsmunagæsla stúdenta. Allir fulltrúar stúdentaráðs hafa lagt sitt að mörkum þegar kemur að hagsmunamálum og staðið sína vakt vel og örugglega. Þó er ljóst að kvörtunarferli stúdenta HA er orðið gamalt og vefst gjarnan fyrir stúdentum. Því samþykkti stúdentaráð þá bókun einróma á fundi sínum í janúar, að fyrsta verkefni nýrrar framkvæmdastjórnar væri að endurskoða kvörtunarferlið í samráði við Gæðastjóra HA, með það að markmiði að gera það skilvirkara og þægilegra, öllum til hagsbóta, svo að tryggt sé að mál fari ætíð réttar boðleiðir.

Nokkur erfið mál hafa borið á daga stúdentaráðs og hefur verið unnið að þeim með samvinnu, með það að markmiði að komast ætíð að sem sanngjarnasti niðurstöðu. Aðgangstakmarkanir og aðgengi að háskólanum hafa mikið verið til umræðu á starfsárinu, þær umræður eru flóknar og oft á tíðum sárar. Stúdentaráð hefur þó ætíð talað fyrir því að gæði námsins séu ætíð sett í fyrsta sæti þegar kemur að aðgengi að háskólanámi.

Líkt og síðustu tvö starfsár hefur SHA haft þjónustusamning við Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) er varðar Lánasjóðsfulltrúa SHÍ sem þjónustar stúdenta HA samhliða stúdentum HÍ.

Mikilvægt er að tryggja áframhaldandi farsælt samstarf. Á komandi starfsári þarf að kynna þessa þjónustu betur fyrir öllum stúdentum HA og gætu nýnemadar HA verið tilvaldir til þess.

Mikið hefur verið lagt upp úr öflugri og góðri þátttöku SHA í starfsemi LÍS og hefur það skilað stúdentaráði miklu hvað varðar hagsmunabaráttu stúdenta. Við höfum tekið virkan þátt í gerð yfirlýsinga LÍS og lagt okkur fram um það að rödd stúdenta HA gleymist ekki en það er gríðarlega mikilvægt að við tökum pláss í umræðunni. Þá tók stúdentaráð virkan þátt í herferð LÍS og SHÍ er varðar LÍN.

Hvað varðar innanhúsmál, þá hefur stúdentaráð loks náð því í gegn í samráði við FÉSTA að bæta flokkunaraðstöðu á stúdentagörðum. Líkt og á fyrra starfsári var lögð fram áskorun á háskólann í samvinnu við Jafnréttisráð HA að gera öll klósett kynjalaus innan veggja háskólans, ekki hefur verið brugðist við áskoruninni og er von okkar sú að það verði gert sem fyrst á komandi starfsári. Loks fékk SHA nýja skrifstofu, undir lok árs 2019. Nýja skrifstofan er í glæsilegu húsnæði, D-húsi á Sólborgarsvæðinu og þar rekur framkvæmdastjórn sína skrifstofu ásamt FÉSTA. Í húsinu er góð aðstaða fyrir nemendur til þess að leita til SHA.

Breytingar á fyrirkomulagi námskeiðsmats HA hafa tekið mikið pláss á liðnu starfsári. Daníel Gunnarsson, formaður Gæðanefndar hefur staðið sig einstaklega vel í þeirri vinnu og unnið náið og vel með Gæðastjóra að þróun og breytingum þessa námskeiðsmats. Ýmsir hnökrar hafa komið upp og hefur ferðalagið verið langt og strangt. Nú þegar er búið að gera reynslu á nýju fyrirkomulagi á fyrsta ári í kennaradeild, sem og í iðjuþjálfundardeild. Þegar þetta er skrifað er ekki búið að staðfesta hvernig nákvæmlega fyrirkomulagið verður og ljóst er að vinnan þarf að halda áfram með öflugum hætti á komandi starfsári.

Þegar horft er til baka er ljóst að mikið hefur verið lagt upp úr því að efla þátttöku stúdenta í hagsmunabaráttu stúdenta, nefndum- og ráðum háskólans. Háskólinn hvetur stúdenta til þátttöku í trúnaðarstörfum og tekur tillit til þeirra þegar kemur að allri ákvarðanatöku. Það er því mikilvægt að stúdentar taki því ekki sem sjálfsögðum hlut og haldi rödd stúdenta á lofti,

innan veggja skólans sem og utan. Stúdentaráð hefur á starfsárinu látið sér málefni samfélagsins verða og er mikilvægt að þannig verði það, um ókomna tíð. Þá er gríðarlega mikilvægt að fulltrúar stúdenta mæti á alla fundi sem þeir eru boðaðir á, undirbúnir og taki virkan þátt í umræðum, það getur skipt sköpum. Tryggja þarf gott upplýsingaflæði á milli þessara fulltrúa og framkvæmdastjórnar, sem getur aðstoðað og leiðbeint við störf stúdentafulltrúanna.

Síðasta verk stúdentaráðs var að samþykkja Stefnu SHA. Stefnunni er skipt í átta kafla og er aðgengileg á vefsíðu SHA. Síðustu ár hefur verið mikil vöntun á stefnu sem þessari, þar sem að hún getur aðstoðað og styrkt málefni stúdentaráðs sem og fulltrúa stúdenta á deildar-, deildarráðs- og sviðsfundum, sem og fundum stúdenta í nefndum og ráðum HA. Von okkar er sú að stefnunni verði vel haldið á lofti, að henni verði fylgt eftir og að hún sé endurskoðuð á ári hverju. Stefnan er lifandi skjal sem ekki á að gleymast ofan í skúffu.

Ég er afar stolt af störfum stúdentaráðs sem getur gengið stolt frá sínum störfum. Ráðið stendur saman af ólíkum einstaklingum, með ólíkan bakgrunn og allir hafa þeir mikið fram að færa. Þeir hafa lagt sig alla fram um það að tryggja hagsmuni stúdenta og hafa unnið ötult og óeigingjarnt starf í þágu stúdenta HA á liðnu ári.

*Akureyri, 4. febrúar 2020*

*Sólveig María Árnadóttir*

*Formaður Stúdentaráðs 2019-2020*

# Skýrsla Framkvæmdastjórnar



Sólveig María Árnadóttir, Jón Hlífar Aðalsteinsson og Helga Björg Loftsdóttir

## Starfsemi framkvæmdastjórnar

Undir stúdentaráði starfar framkvæmdastjórn félagsins. Hún samanstendur af formanni, varaformanni og fjármálastjóra SHA. Fjármál og daglegur rekstur félagsins er á höndum þessara þriggja aðila og skulu þeir meðal annars annast miðlun upplýsinga er varða starfsemi félagsins, hafa samskipti við yfirstjórn sem og utanaðkomandi aðila. Þeir geta ekki tekið ákvarðanir um skuldbindingar félagsins án þess að hafa samþykki meirihluta stúdentaráðs á bak við sig. Framkvæmdastjórnin sér um að halda skrifstofu SHA opinni fyrir stúdenta.

### Framkvæmdastjórn starfsárið 2019-2020 skipa:

**Formaður:** Sólveig María Árnadóttir

**Varaformaður:** Helga Björg Loftsdóttir

**Fjármálastjóri:** Jón Hlífar Aðalsteinsson

# Pistill frá framkvæmdastjórn

Í upphafi starfsárs settist nýkjörin framkvæmdastjórn niður og setti sér markmið fyrir komandi starfsár. Við þurftum ekki að byrja á núlli þegar við hófum störf en Sólveig María hóf sitt annað ár sem formaður félagsins, auk þess sem Helga Björg hafði setið í stúdentaráði starfsárið 2018-2019 sem formaður Viðburðanefndar.

Á starfsárinu höfum við unnið að því að viðhalda stofnanaminni félagsins og gera það enn skilvirkara og aðgengilegra. Eitt ár er ekki langur tími og þurfa nýjir fulltrúar því ætíð að geta hafið störf sem fyrst og gengið skilvirkilega í öll þau verk sem ganga þarf í. Líkt og flestar nefndir og ráð innan háskólans höfum við tekið upp á því að nota Microsoft Teams sem vinnusvæði SHA og þar höfum við verið að byggja upp gott og skilvirkt stofnanaminni. Sjáum við fyrir okkur að nýtt stúdentaráð muni eingöngu notast við Teams, og að sha aðgangurinn í gegn um Google Drive verði eingöngu notaður fyrir framkvæmdastjórn til þess að halda utan um ýmsar skráningar er tengjast viðburðum. Inn á svæði framkvæmdastjórnar má nú finna möppu sem hefur að geyma handbækur fyrir alla helstu viðburði og verkefni SHA. Teljum við þær vera afar skilvirkar og leiðandi, sem gerir það að verkum að störf komandi framkvæmdastjórnar verði auðveldari og tryggi að hægt verði að ganga beint til verka.

Við ákváðum að halda áfram að vinna að markmiðum fyrri framkvæmdastjórnar um það að efla félagið þegar kemur að hagsmunabaráttu stúdenta en okkur þykir mikilvægt að rödd stúdenta við Háskólann á Akureyri heyrist út og við og það er mikilvægt að stúdentar háskólans láti sér málefni samfélagsins varða hverju sinni. Við settum okkur því skýr markmið um að halda á lofti góðu samstarfi við hagsmunafélög annarra háskóla og þá sérstaklega, að taka virkan og góðan þátt í starfsemi LÍS – Landssamtaka íslenskra stúdenta. Okkar markmið var því að hvetja stúdentaráð áfram þegar kemur að hagsmunabaráttu og hagsmunagæslu og gera þann mikilvæga þátt að rauða þræðinum í allri okkar starfsemi. Þá settum við okkur einnig markmið þess eðlis að efla hagsmunagæslu hér innanhúss og vera sýnilegri okkar stúdentum, hvað það varðar.

Það er mikill fjöldi stúdenta sem gegnir hinum ýmsu trúnaðarstörfum fyrir hönd stúdenta HA. Það er auðvelt að hafa góða tengingu og virkt samstarf við stúdentaráð, þar sem það hittist að jafnaði einu sinni í mánuði og er þess fyrir utan í stöðugu sambandi, þegar á þarf að halda. Það er mun erfiðara að ná til og tryggja gott samtal og samstarf við þá aðila sem sinna öðrum trúnaðarstörfum og sitja í hinum ýmsu nefndum og ráðum innan veggja háskólans. Á komandi starfsári þarf að virkja samstarf og samtal við þessa fulltrúa enn frekar og væri æskilegt að fulltrúarnir myndu jafnvel koma á a.m.k. einn fund stúdentaráðs á starfsárinu. Þá héldum við líkt og áður, vinnufund í samstarfi við Gæðastjóra HA í upphafi skólaársins. Fundurinn gekk afar vel og er orðinn fastur liður í störfum SHA. Vinnufundinum þarf að halda vel á lofti, en hann auðveldar fulltrúum stúdenta mikið sín störf.

Starfsárið hófst eins og venjan er með árshátíð félagsins. Framkvæmdastjórn tók mikinn þátt í skipulagi og undirbúningi ásamt viðburðanefnd, en árshátíðin var í annað sinn haldin í hátíðarsal háskólans. Þegar árshátíðin er haldin innan veggja háskólans þarf að huga að mun fleiri þáttum en þegar keypt er þjónusta og salur út í bæ. Mikil vinna og gott skipulag skilaði þó einstaklega vel heppnaðri árshátíð og hlökkum við mikið til þess að mæta á þriðju árshátíðina sem haldin verður innan veggja HA, þann 14. mars næstkomandi. SHA er alltaf að fá aukið aðgengi að byggingum háskólans fyrir hina ýmsu viðburði og héldum við til að mynda Sprellmótið í háskólanum í annað sinn, í september 2019. Þá höfum við einnig fengið gott aðgengi að anddyri Borga fyrir minni viðburði. Við erum afar þakklát fyrir það traust sem okkur hefur verið sýnt og það er mikilvægt að halda því trausti sterku áfram, það helst með góðri samvinnu og samtali við þá sem bera ábyrgð á húsnæði háskólans. Góður frágangur, skipulag og undirbúningur eru hér lykilatriði.

Landsþing LÍS var haldið á Bifröst dagana 29.-31. mars. Þema þingsins var Sjálfbærni og háskólasamfélagið – hver er okkar samfélagslega ábyrgð? Fulltrúar SHA á þinginu voru: Sólveig María Árnadóttir, Helga Björg Loftsdóttir, Björn Auðunn Ólafsson, Ágústa Skúladóttir og Fanný Traustadóttir. Á þinginu var jafnréttistefna samtakanna samþykkt, lagabreytingar voru gerðar auk þess sem öflugar vinnustofur fóru fram, þar sem vinna var lögð að stefnu samtakanna

þegar kemur að sjálfbærni og umhverifsmálum. Það er ánægjulegt að sjá hversu vel samtökin hafa blómstrað og hversu mikilvæg þau í raun og veru eru fyrir stúdenta á Íslandi. Það er því mikilvægt að SHA eigi ætíð virka þátttakendur þegar kemur að LÍS.

Að loknu landsþingi biðu okkar hin ýmsu verkefni út skólaárið. Þar ber meðal annars að nefna erindi á árlegri ráðstefnu Knnslumiðstöðvar HA. Nýnemadagarnir stóðu yfir dagana 26.-30. ágúst og fóru þeir fram með hefðbundnum hætti, þar sem tekið var á móti Hug- og félagsvísindasviði á mánudegi, Heilbrigðisvísindasviði á miðvikudegi og Viðskipta- og raunvísindasviði á fimmtudegi. Á föstudeginum höguðum við nýnemadegi SHA með sambærilegum hætti og gert var árið 2018, það er að segja, eftir að hafa hringt skólaárið inn skiptum við nýnemum upp í lið og sendum þau í ratleik. Að honum loknum voru grillaðar pylsur og loks tók við Nýnemapartý SHA á Pósthúsbarnum um kvöldið.

Af félagslífinu er það að frétta að það hefur verið með hefðbundnu sniði þar sem við höfum haldið fast í okkar viðburði. Þar ber að sjálfsögðu að nefna Sprellmótið sem heppnaðist einstaklega vel í ár en þó þarf að tryggja enn betra skipulag þegar kemur að þrifum og almennri gæslu á meðan að viðburðinum stendur. Stóra Vísó var svo að sjálfsögðu á sínum stað ásamt öðrum minni viðburðum. Það er Viðburðanefnd sem hefur yfirumsjón með þessum stærri viðburðum en framkvæmdastjórn hefur þó tekið virkan þátt í skipulagningu, undirbúningi og utanumhaldi.

Gott samstarf við starfsfólk háskólans er gríðarlega mikilvægt og hafa hinir ýmsu starfsmenn reynst okkur afar vel á starfsárinu. Þar ber helst að nefna Eyjólf Guðmundsson, rektor sem leggur sig fram um það að hlusta á raddir stúdenta og vill taka þátt í starfsemi okkar. Það er mikilvægur stuðningur fyrir okkur, að hafa rektor með í liði. Þá hefur Sigrún Magnúsdóttir Gæðastjóri reynst okkur ofboðslega vel þegar kemur að hinum ýmsu hagsmunamálum. Katrín Árna, Herdís Hulda, Gunnar Rúnarsson og svo margir fleiri hafa einnig reynst okkur ómetanleg. Við gætum talið upp svo miklu fleiri en lesningin yrði þá of löng og viljum við fyrst og fremst, þakka fyrir allt, þið vitið hver þið eruð. Sérstaklega viljum við þó minnast Sólveigar

Hrafnsdóttur, forstöðumanns Náms- og starfsráðgjafar sem kvaddi í ársbyrjun 2020. Við viljum þakka henni fyrir allt það sem hún hefur gert fyrir SHA. Segja má að hún hafi verið sérlegur aðstoðarmaður og ráðgjafi stjórnar félagsins í mörg ár og eiga stúdentar henni mikið að þakka.

Það er gríðarlega mikilvægt að komandi stjórn hafi fagleg vinnubrögð að leiðarljósi, strax frá upphafi. Mikilvægt er að hafa öll samskipti vel skipulögð og skýr og þarf að gæta að verklagi þegar kemur að fundarboðum og upplýsingaflæði. Teljum við æskilegt að nýtt stúdentaráð fái strax aðgang að Teams svæði SHA og að formaður SHA boði til allra funda í gegn um Teams og setji öll nauðsynleg gögn þangað inn. Þar inni varðveitast gögn og upplýsingar, sem gerir komandi fulltrúum lífið mun auðveldara.

Það gera sér ef til vill ekki allir grein fyrir því hversu mikil vinna raunverulega hvílir á herðum framkvæmdastjórnar. Von okkar er því sú, að innan tíðar, verði stöður framkvæmdastjórnar launaðar stöður, þar sem að forsendur eru fyrir því og stærsti hluti vinnu framkvæmdastjórnar fer fram sem sjálfboðavinna. Til þess að félagið haldi áfram að vaxa og dafna er mikilvægt að gæta faglegra vinnubragða og huga fyrst og fremst að þeim málefnum sem skipta máli, framkvæmdastjórn á númer eitt, tvö og þrjú að beita sér fyrir hagsmunamálum stúdenta. Því er mikilvægt að vera sýnileg, við höfum verið virk á samfélagsmiðlum á starfsárinu og það hefur skilað miklu. Á nýnemadögum er sérstaklega mikilvægt að koma sterk til leiks og allir stúdentar skólans þurfa að vita hvar þeir geta leitað á réttindaskrifstofu félagsins og til hvers við erum.

*Akureyri, 4. febrúar 2020*
*Sólveig María Árnadóttir, formaður SHA 2019-2020*
*Helga Björg Loftsdóttir, varaformaður SHA 2019-2020*
*Jón Hlífar Aðalsteinsson, fjármálastjóri SHA 2019-2020*

# Skrifstofa félagsins – nýtt húsnæði, D-hús

Skrifstofa félagsins, sem staðsett er í D-húsi er opin alla virka daga. Einnig er hægt að hafa samband við skrifstofuna í gegnum netfangið sha@sha.is. Á skrifstofu félagsins starfar framkvæmdastjórn þess og þeir sem starfa fyrir félagið. Á réttindaskrifstofunni getur þú leitað með öll þín mál varðandi námið og veru þína í Háskólanum á Akureyri. Framkvæmdastjórn reynir að leysa úr öllum málum á faglegan hátt eða beinir þeim til þar til bærra aðila. Stúdentar skólans eru alltaf velkomnir í kaffi og spjall.





Mikil gleði var seinni part ársins 2019 þegar SHA flutti í nýtt húsnæði. Eftir að hafa átt fjölmargar og góðar stundir í Höfuðborg, litlu skrifstofunni í G-húsi rættist draumur margra þegar skrifstofan var færð yfir í D-hús. SHA deilir húsnæði með FÉSTA og eiga þessar tvær einingar afar vel saman undir sama þakinu, þar sem að þjónusta við stúdenta er mikil. Sambúðin hefur farið afar vel af stað og erum við þakklát háskólanum fyrir traustið sem okkur er sýnt með nýju húsnæði. Á nýju skrifstofunni er allt til alls, framkvæmdastjórn hefur sér skrifstofurými auk þess sem góð aðstaða er fyrir stúdenta til þess að kíkja í kaffi og spjall. Þá er fundaraðstaða einnig til fyrirmyndar, þökk sé KHA og teljum við að um mikla bót sé að ræða fyrir stúdenta HA.

# Aðalfundur 2020

## Fundargerð

*28. febrúar 2020 í Hátíðarsal, Sólborg, Háskólanum á Akureyri*

**Fundarritari:** Helena Sjørup Eiríksdóttir, kennaranemi

**Fundarstjóri:** Orri Kristjánsson, laganemi

**Gestir fundarins:** 30 félagsmenn mættir

**1. Fundur settur**

Sólveig María Árnadóttir, formaður félagsins setur fundinn klukkan 13:22 og flytur ávarp formanns. Hún þakkar sérstaklega stúdentaráði og öllum þeim aðilum sem hafa lagt sig fram og veitt hjálparhönd á starfsárinu, fyrir hönd framkvæmdastjórnar. Í lok erindis minnist Sólveig nöfnu sinnar, Sólveigar Hrafnsdóttur forstöðumanns náms- og starfsráðgjafar sem kvaddi allt of snemma í byrjun þessa árs. Stúdentar og SHA eiga Sólveigu mikið að þakka, hún var sérlegur ráðgjafi stjórnar í gegnum tíðina og mikill viskubrunnur. Þá kom hún meðal annars að stofnun stúdentaráðs en það var breyting sem var félaginu til mikilla hagsbóta. Sólveig minnist nöfnu sinnar með þakklæti fyrst og fremst.

**2. Kosning fundarstjóra og fundarritara**

Sólveig María Árnadóttir, formaður félagsins tilnefnir Orra Kristjánsson sem fundarstjóra fundarins, það er samþykkt. Orri Kristjánsson kemur í pontu og tilnefnir Helenu Sjørup Eiríksdóttir, varaformanns SHA sem fundarritara fundarins, það er samþykkt.

**3. Skýrsla framkvæmdastjórnar um störf félagsins á liðnu ári**

Helga Björg Loftsdóttir varaformaður SHA fer yfir ársskýrslu félagsins um störf framkvæmdastjórnar og stúdentaráðs á liðnu starfsári. Helga Björg fer yfir helstu atriði er

varðar hagsmunagæslu og hagsmunabaráttu stúdenta á starfsárinu, telur upp þá viðburði sem félagið hefur staðið fyrir og hrósar og þakkar stúdentaráði og fulltrúum SHA í nefndum og ráðum HA fyrir vel unnin störf. Skýrslu stúdentaráðs og framkvæmdastjórnar má lesa í heild sinni í Ársskýrslu SHA.

**4. Skýrsla fjármálastjóra, ársreikningar bornir upp til samþykktar**

Jón Hlífar Aðalsteinsson fjármálastjóri SHA fer yfir ársreikninga félagsins. Starfsárið gekk vel og tekur ný framkvæmdastjórn við góðu búi. Hægt er að sjá ársreikning í ársskýrslu SHA. Að lokum þakkar hann fyrir samstarfið og óskar nýrri stjórn velfarnaðar í starfi. Í lokin er ársreikningurinn borinn upp til samþykktar og er hann samþykktur.

**5. Lagabreytingar**

Sólveig María kemur í pontu og fer yfir lagabreytingatillögur félagsins ásamt fundarstjóra. Tillögurnar voru sendar öllum félagsmönnum í gegnum netföng þeirra og ættu fundargestir því að vera búnir að kynna sér allar lagabreytingatillögur. Sérstaklega er farið yfir lagabreytingu er snýr að Fjarnemanefnd og Gæðanefnd, um fulltrúa stúdenta í Háskólaráði, bráðabirgða ákvæði er snýr að fulltrúum í námskeiðsmat og mikilvægi setu aðildarfélaga á fundum. Loks er sérstaklega farið yfir breytingu er varðar það að fulltrúar stúdentaráðs, að undanskildum fulltrúa fjarnema skuli vera staðbundnir.

> Bókun: Framkvæmdastjórn SHA skal breyta heitunum ,,lög‘‘ í samþykktir í samþykktum SHA sem og í samþykktum allra aðildarfélaga SHA.

Jón Hlífar leggur fram breytingatillögu varðandi orðalag í 34. grein.

Loks eru lögin borin upp til samþykktar í heild sinni og eru þau samþykkt einróma.

**6. Kosningar í framkvæmdastjórn SHA**

Orri Kristjánsson, fundarstjóri fer yfir framkvæmd kosninga. Steinunn Alda Gunnarsdóttir bauð sig ein fram í embætti formanns og telst því sjálfkjörin. Steinunn Alda flytur ávarp.

Almar Knörr Hjaltason bauð sig einn fram í embætti varaformanns og telst því skjálfkjörinn.
Almar Knörr flytur ávarp.
Guðrún Vaka Þorvaldsdóttir bauð sig ein fram í embætti fjármálastjóra og telst því sjálfkjörin.
Guðrún Vaka flytur ávarp.

**7. Kosningar í önnur embætti**

Fríða Freydís Þrastardóttir bauð sig ein fram í embætti formanns Alþjóðanefndar SHA og telst hún því sjálfkjörin.

Sigrún Sól Jónsdóttir bauð sig ein fram í embætti formanns Fjarnemanefndar SHA og telst hún því sjálfkjörin, vert er að taka fram að Fjarnemanefnd hefur verið lögð niður skv. lagabreytingum sem samþykktar voru í fundarlið 5. Sigrún mun því sitja í stúdentaráði fyrir hönd fjarnema og vera helsti tengiliður þeirra.

Nökkvi Alexander Rounak Jónsson bauð sig einn fram sem aðalfulltrúi í Háskólaráð Háskólans á Akureyri til tveggja ára og telst því sjálfkjörinn.

Aron Björn Guðmundsson og Agnes Ögmundsdóttir buðu sig fram í embætti formanns Kynninganefndar SHA, kosið var rafrænt í embættið samkvæmt lögum félagsins. Agnes Ögmundsdóttir sigraði kosninguna.

Dagný Karlsdóttir og Eydís Sigfúsdóttir buðu sig fram í embætti formanns Viðburðanefndar SHA, kosið var rafrænt í embættið samkvæmt lögum félagsins. Dagný Karlsdóttir sigraði kosninguna.

Fríða Freydís Þrastardóttir bauð sig ein fram í stjórn FÉSTA til tveggja ára og telst hún því sjálfkjörin.

Sólveig Birna Elísabetardóttir bauð sig ein fram sem aðalfulltrúi í siðanefnd Háskólans á Akureyri og telst hún því sjálfkjörin.

Guðrún Vaka Þorvaldsdóttir og Herdís Júlía Júlíusdóttir buðu sig tvær fram sem aðalfulltrúar í UmhverfIsráð Háskólans á Akureyri og teljast þær því sjálfkjörnar.

Sólveig Birna Elísabetardóttir, Steinunn Alda Gunnarsdóttir, Almar Knörr Hjaltason og Guðrún Vaka Þorvaldsdóttir buðu sig fram til Háskólafundar Háskólans á Akureyri og teljast þau því sjálfkjörin.

Óskað er eftir einum varafulltrúa í Háskólaráð Háskólans á Akureyri til tveggja ára. Bjartur Ari Hansson og Sveinn Andri Jóhannsson bjóða sig fram. Bjartur Ari Hansson ákveður að draga framboð sitt tilbaka og Sveinn Andri Jóhannsson samþykktur einróma.

Óskað er eftir aðalfulltrúa og einum fulltrúa til vara í Gæðaráð Háskólans á Akureyri, til tveggja ára. Eva María Matthíasdóttir býður sig fram sem aðalfulltrúa og Sóley Úlfarsdóttir til vara, samþykkt einróma.

Óskað er eftir framboði í embætti skoðunarmanns reikninga Stúdentafélags Háskólans á Akureyri. Engin framboð bárust og var ákveðið að SHA mun auglýsa stöðuna.

Óskað er eftir framboði í varafulltrúa í stjórn FÉSTA til tveggja ára. Dagný Ásgeirsdóttir býður sig fram og er það samþykkt einróma.

Óskað er eftir framboðum í Jafnréttisráð Háskólans á Akureyri. Óskað er eftir tveimur aðalfulltrúum og tveimur varafulltrúum. Bjartur Ari Hansson og Aron Björn Guðmundsson bjóða sig fram sem aðalfulltrúar og Nökkvi Alexander Rounak Jónsson og Almar Knörr Hjaltason sem varafulltrúa. Samþykkt einróma.

Óskað er eftir framboði í varafulltrúa í siðanefnd Háskólans á Akureyri. Sóley Úlfarsdóttir býður sig fram sem varafulltrúa og er það samþykkt einróma.

Óskað er eftir einum aðalfulltrúa og einum til vara í Vísindaráð Háskólans á Akureyri. Eva María Ingvadóttir býður sig fram sem aðalfulltrúa og Særún Anna Brynjarsdóttir býður sig fram sem varafulltrúa. Samþykkt einróma.

Óskað er eftir einum aðalfulltrúa og þrjá til vara í Umhverfisráð Háskólans á Akureyri. Karen Jónasdóttir býður sig fram sem aðalfulltrúa og Ásdís Viktorsdóttir, Bjartur Ari Hansson og Egill Bjarni Friðjónsson sem varafulltrúar. Samþykkt einróma.

Óskað er eftir tveimur aðalfulltrúum og þrem til vara á háskólafund Háskólans á Akureyri til eins árs. Daníel Gunnarsson og Sveinn Andri Jóhannsson bjóða sig fram sem aðalfulltrúar og Sóley Úlfarsdóttir, Maríanna Margeirsdóttir og Bjartur Ari Hansson sem varafulltrúar. Samþykkt einróma.

Óskað er eftir einum aðalfulltrúa og einum til vara í Kannanateymi Háskólans á Akureyri. Engin framboð bárust og var ákveðið að SHA mun auglýsa eftir stúdentum í stöðurnar.

**8. Önnur mál**

a. Sólveig María hefur óskað eftir að taka upp annað mál er varðar yfirlýsingu frá SHA um undirfjármögnum Háskólans á Akureyri. Hún óskar eftir stuðningi fundarins og hann samþykkir ályktunina.
b. Orri Kristjánsson fundarstjóri ber upp bókun um að framkvæmdastjórn SHA skulu breyta heitum í lögum félagsins og allra aðildafélaga. Strangt til tekið eru þetta ekki lög sem Alþingi setur, heldur eru þetta samþykktir sem félagsmeðlimir setja. Bókun í fundargerð að framkvæmdastjórn SHA skulu breyta heitunum „lög“ í „samþykktir“.

*Fundi slitið: 14:28.*

# Landssamtök íslenskra stúdenta

*Sameinuð rödd stúdenta*




## Hvað er LÍS

Landssamtök íslenskra stúdenta, eða LÍS voru stofnuð í Háskólanum á Akureyri þann 3. nóvember árið 2013. LÍS eru samtök háskólanema á Íslandi sem og íslenskra háskólanema á erlendri grundu. LÍS eru regnhlífarsamtök og standa að þeim átta aðildarfélög sem eru í forsvari fyrir stúdenta við Háskólann á Akureyri, Háskólann á Bifröst, Landbúnaðarháskóla Íslands, Listaháskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Háskólann á Hólum, Háskóla Íslands og fyrir íslenska stúdenta sem stunda nám erlendis. LÍS eru því í forsvari fyrir rúmlega 20 þúsund íslenskra stúdenta. Hlutverk samtakanna er að standa vörð um hagsmuni háskólanema hérlendis sem og hagsmuni íslenskra stúdenta á alþjóðavettvangi og um leið skapa samstarfsvettvang fyrir íslensk stúdentafélög. Samtökin skulu vera virkur þátttakandi í alþjóðlegu hagsmunasamstarfi stúdenta og vinna að samræmingu gæðastarfs í íslenskum

háskólum. Þau hafa umboð til samningagerðar, framkomu gagnvart stjórnvöldum, fjölmiðlum og öðrum aðilum fyrir hönd íslenskra stúdenta.

Í fulltrúaráði samtakanna sitja tveir fulltrúar frá hverju aðildarfélagi en á landsþingi tilnefnir hvert aðildarfélag einn fulltrúa til setu í tvö ár. Fulltrúaráð fer með æðsta ákvörðunarvald innan LÍS á milli landsþinga. Í framkvæmdastjórn sitja formaður, varaformaður, ritari, fjármálastjóri, alþjóðaforseti, gæðastjóri, markaðsstjóri og jafnréttisfulltrúi sem kosnir eru í embætti á landsþingi. Framkvæmdastjórn sækir umboð sitt til fulltrúaráðs. Ágústa Skúladóttir og Sólveig María Árnadóttir eru aðalfulltrúar í fulltrúaráði LÍS fyrir hönd SHA og Helga Björg Loftsdóttir og Jón Hlífar Aðalsteinsson eru varamenn.

Landsþing LÍS fer með æðsta ákvörðunarvald samtakanna en það er haldið á hverju ári. Þar hittast öll aðildarfélög LÍS og kjósa um helstu málefni samtakanna. Einnig er unnin bæði innri og ytri stefnumótun í samstarfi við framkvæmdastjórn og nefndir LÍS.

## Verkefni LÍS

Samtökin halda utan um verkefni af ýmsum toga en helst mætti nefna skipulagningu ýmissa málþinga og viðburða tengdum málefnum stúdenta, þátttöku stúdenta í gæðaúttektum á námi í háskólum landsins, alþjóðastarf íslenskra stúdenta og skipun fulltrúa stúdenta í ýmsar nefndir. Í gegnum þessi verkefni gegna LÍS einnig mikilvægu hlutverki þar sem samtökin vinna að því að stúdentar njóti jafnréttis og að raddir allra hópa innan háskólasamfélagsins heyrist. Þá eru LÍS aðildarfélag að European Students' Union (ESU) sem eru regnhlífarsamtök fyrir landssamtök stúdenta í Evrópu. Þátttaka í starfi ESU krefst þess að fulltrúar sæki ráðstefnur og þing sem haldin eru í Evrópu. LÍS taka þátt í samstarfi NOM sem er bandalag landssamtaka stúdenta á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum.

## Stefnumótun

LÍS hefur lagt ríka áherslu á að samtökin séu byggð á sterkum stoðum og er stefnumótun lykilhlutverk í því ferli. Hingað til hafa samtökin nýtt landsþing LÍS sem vettvang til að heyra sem flestar raddir íslenskra stúdenta og fengið til liðs við sig fagfólk við frekari stefnumótun út frá því. Þema landsþings árið 2016 var nýsköpun og rannsóknir. Á landsþingi 2017 var þemað

gæðamál og var yfirskrift þingsins ,,Hvers virði er mín menntun? Efling stúdenta í gæðamálum‘‘. Á landsþingi 2018 var þemað ,,Jafnrétti til náms‘‘ og á starfsárinu, í kjölfar þingsins var unnið að jafnréttisstefnu samtakanna sem lögð var fyrir landsþing 2019 og samþykkt þar. Þema landsþingsins árið 2019 var ,,Sjálfbærni og háskólasamfélagið‘‘. Gert er ráð fyrir að stefna verði lögð fyrir landsþing á komandi þingi, sem haldið verður á Akureyri dagana 6-8. mars 2020 en þema þingsins verður ,,Velferðarmál og nærumhverfi stúdenta‘‘.

## Samstarfsvettvangur

Eitt af mikilvægustu hlutverkum LÍS er að skapa virkan samstarfsvettvang meðal aðildarfélaga sinna. Til þess að fullnægja því hlutverki skipuleggur LÍS viðburði og fundi með það að markmiði að samræma starf íslenskra hagsmunasamtaka. Þetta hlutverk er breytilegt eftir því hvað er í gangi í samfélaginu hverju sinni og stundar því LÍS stöðuga endurskoðun og aðlögun.

## Stuðningur við aðildarfélög

Í gegnum þann samráðs- og samskiptavettvang sem LÍS skapar fá aðildarfélögin tækifæri til að læra af og hjálpa hvoru öðru. Sem dæmi má nefna stuðningsyfirlýsingu LÍS við SHÍ vegna tanngreininga á hælisleitendum innan Háskóla Íslands, sem hafði áhrif á aukna umræðu í samfélaginu sem og aukinn stuðning við SHÍ. Á fulltrúaráðsfundum gefst fulltrúum aðildarfélaganna tækifæri til þess að leita til hvors annars, miðla reynslu og þekkingu. Það er mikilvægt og eitt það dýrmætasta sem býr í LÍS.

## Lánasjóður íslenskra námsmanna (LÍN)

Líkt og á síðasta starfsári hefur Lánasjóður íslenskra námsmanna – LÍN, tekið mikið pláss í umræðunni og störfum LÍS. Loksins, eftir margra ára bið lagði Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra fyrir drög að nýju frumvarpi um lánasjóðinn og er gert ráð fyrir því að frumvarpið verði lagt fyrir á þingi á þessu ári. Stúdentar hafa gagnrýnt nýja lánasjóðinn sem mun bera heitið Menntasjóður íslenskra námsmanna, MSN.  Einna helst hafa stúdentar gagnrýnt hækkun á vöxtum og þá staðreynd að gefa eigi þá í hendur markaðsins. LÍS réðst af stað í herferð varðandi MSN, ásamt öllum aðildarfélögum samtakanna þar sem hækkun vaxta var gagnrýnd. Á komandi mánuðum er ljóst að það þarf að leggjast áfram yfir frumvarpið og þurfa stúdentar að vera vel vakandi þegar það verður loks tekið fyrir á þingi.

## Verkefni SHA vegna LÍS

Á starfsárinu var lögð áhersla á virka og öfluga þátttöku SHA í LÍS. Fulltrúar okkar hafa því sótt reglulega fulltrúaráðsfundi á vegum samtakanna, mætt á þá undirbúnir og tekið virkan og góðan þátt í starfi á fundum og á milli funda. Þegar kemur að fulltrúaráði, að þá hafa fulltrúar okkar mætt á alla fundi fulltrúaráðs í fjarfundarbúnaði, þrátt fyrir að LÍS greiði ferðakostnað fyrir fulltrúana. Ástæðan er einna helst sú að fundirnir á starfsárinu hafa alltaf verið haldnir seinni part á þriðjudegi, fulltrúarnir ná því aldrei seinasta flugi heim til Akureyrar og er þetta eitthvað sem þarf að huga að á komandi starfsári. Við erum þó sérstaklega þakklát fyrir betri fjarfundarbúnað og upptöku á Zoom sem fjarfundakerfi.



*Akureyri og Kópavogur, 5. febrúar 2020*
*Ágústa Skúladóttir og Sólveig María Árnadóttir*
*Fulltrúar SHA í fulltrúaráði LÍS 2019-2020*

# Skýrslur fastanefnda SHA

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri starfræktar fastanefndir. Þær starfa eftir verklagsreglum, samþykktum af stúdentaráði SHA og eiga formenn fastanefnda sæti í stúdentaráði.

## Alþjóðanefnd

Alþjóðanefnd er tengiliður við erlenda nemendur við Háskólann á Akureyri og vinnur náið með verkefnastjóra alþjóðasviðs háskólans, Rúnari Gunnarssyni. Það hefur alltaf verið svokallað „buddy system“ sem var hugsað til að bjóða erlenda nema velkomna og kynna þá fyrir skólanum. Alþjóðanefnd, í samráði við Rúnar, ákváðu að taka það út vegna þess að það gekk alltaf illa að finna íslenska nemendur til að taka þátt. Í alþjóðanefnd sitja formaður sem kosinn er á aðalfundi SHA til eins árs í senn ásamt fulltrúum úr hverju undirfélagi, einn fulltrúi úr hverju félagi, sem kosnir eru á aðalfundum félaganna til eins árs í senn. Alþjóðanefnd starfar eftir verklagsreglum sem settar eru af stúdentaráði ár hvert. Til að byrja með voru aðeins þrír nemendur í nefndinni, frá Kumpána og Stafnbúa, en þegar haustönn byrjaði þá bættist í hópinn frá Þemis, Magister og Reka. Í lok haustannar 2019 þá þurfti einn meðlimur að hætta í nefndinni og ekki bættist nýr við. Einnig flutti annar meðlimur úr landi án þess að láta vita og það kom ekki annar í stað hennar.

### Alþjóðanefnd 2019-2020

Fanný Traustadóttir, formaður

Sæunn Valdís Kristinsdóttir, fulltrúi Kumpána, varaformaður

Nökkvi Jónsson, fulltrúi Þemis

Klara Ósk Kristinsdóttir, fulltrúi Þemis

Sigrún Sól Jónsdóttir, fulltrúi Reka

Sævör Dagný Erlendsdóttir, fulltrúi Stafnbúa (til desember 2019)

Lína Dóra Hannesdóttir, fulltrúi Magister (til nóvember 2019)

## Pistill frá Alþjóðanefnd

Ný nefnd byrjaði starfsárið með pizza kvöldi á Borgum í lok vormisseris 2019. Mætingin var mjög góð en það voru veitingar í boði sem og spil. Var þetta góð leið til að kynnast því hvernig nefndin virkaði fyrir meðlimi sem og gott kveðjukvöld fyrir skiptinemana sem voru að fara. Fráfarandi meðlimum alþjóðanefndar var einnig boðið sem var mjög gaman því þá gátu þau einnig kvatt skiptinemana sem voru búnir að vera á þessu misseri.

Í byrjun haustmisseris 2019 var sprellmótið en margir skiptinemar tóku þátt í því. Þau skemmtu sér konunglega og var þetta góð leið fyrir þau til að kynnast öðrum íslenskum nemum. Í september var ákveðið að halda pizza kvöld fyrir skiptinemana svo að skiptinemarnir gætu hist sem og við í nefndinni gætum kynnst þeim betur. Það var mjög vinsælt og voru skiptinemarnir mjög ánægðir með það. Kvöldið var mjög afslappað, hægt var að grípa í spil, og svo fóru allir saman í bæinn seinna um kvöldið.

Margir viðburðir voru á misserinu hjá nemendafélögum og ákváðum við í nefndinni að auglýsa þá vel svo skiptinemarnir myndu taka þátt í félagslífinu og fá að kynnast íslenskri menningu betur. Það var góð mæting á þá viðburði og voru skiptinemarnir duglegir að kynnast íslensku nemunum. Alþjóðanefndin stóð fyrir dagsferð í Geosea á Húsavík í byrjun nóvember. Leigð var rúta til þess að ferja þátttakendur til og frá Húsavík. Það var byrjað á slökun í sjóböðunum í um það bil 3 tíma og voru nemendurnir hæst ánægðir með það, og vildu helst vera lengur. Eftir sjóböðin var síðan farið á Fosshótel þar sem allir fengu sér pítsu og gos. Síðan var haldið aftur til Akureyrar.

Árið 2020 byrjaði hægt þar sem meðlimir nefndarinnar voru mjög uppteknir og fannst því ekki tími fyrir hitting. Í staðin Stóra Vísó auglýst vel og mættu nokkrir skiptinemar í hana. Í byrjun febrúar var hittingur á Borgum þar sem veitingar og spil voru í boði. Mætingin var mjög góð og voru skiptinemarnir mjög ánægðir.

Fráfarandi nefnd er ánægð með starfsárið í heildina en það er þó margt sem mætti gera betur. Það náðu að myndast góð tengsl milli íslenskra nema og skiptinemanna sem var mjög jákvætt. Þátttaka nefndarmeðlima var ekki nógu stöðug og mætti því reyna að hvetja fólk til að vera virkara í þessari nefnd. Hins vegar þá virtust skiptinemarnir vera ánægðir með tímann sinn hér og er það fyrir öllu. Einn skiptinemi hafði áhuga á að taka þátt í nefndinni sem var mjög jákvætt og mælum við með því að hafa skiptinema í nefnd á báðum misserum. Þá er hægt að fá betri innsýn inn í skiptinemahópinn og þá geta þau komið sínum hugmyndum betur á framfæri.

*Akureyri, 12. febrúar 2020*
*Fanný Traustadóttir*
*Formaður Alþjóðanefndar 2019-2020*

# Fjarnemanefnd

Fjarnemanefnd er helsti tengiliður stúdenta í sveigjanlegu námi við stúdentaráð Háskólans á Akureyri og er hagsmunagæsluaðili stúdenta. Stjórn Fjarnemanefndar er skipuð af formanni, sem kosinn er á aðalfundi SHA, og fulltrúa hvers aðildarfélags, að DATA undanskildum, sem kosnir eru á aðalfundum aðildarfélaganna. Þá hefur formaður Fjarnemanefndar sæti í stúdentaráði.

## Fjarnemanefnd 2019-2020

Ágústa Skúladóttir, formaður

Karítas Birna Eyþórsdóttir, fulltrúi Kumpána

Andrea Björt Ólafsdóttir, fulltrúi Eirar

Lína Dóra Hannesdóttir, fulltrúi Magister

Fannar Örn Kolbeinsson, fulltrúi Forseta

Sigrún Dóra Halldórsdóttir, fulltrúi Þemis

Reki og Stafnbúi mönnuðu ekki í stöður fjarnemafulltrúa

## Pistill frá Fjarnemanefnd

## Markmið og tilgangur

Á aðalfundi SHA 2018 var nefndin stofnuð en komst aldrei til starfa. Á skólaárinu 2019-2020 var nefndin endurvakin með sama tilgangi og var upprunalega áætlað. Megin tilgangur Fjarnemanefndar er að hafa hagsmuni fjarnema sérstaklega að leiðarljósi og halda utan um málefni þeirra. Með markmiðum nefndarinnar var einnig að auka og efla þáttöku fjarnema í störfum og starfsemi félagsins og virkja þá í ákvarðanatöku og hagsmunabaráttu innan háskólasamfélagsins á Akureyri. Samkvæmt verklagsreglum Fjarnemanefndar eru fulltrúar í stjórn hennar helsti tengiliður stúdenta í fjarnámi við stúdentaráð SHA og situr formaður nefndarinnar í stúdentaráði. Þá skal formaður nefndarinnar bera ábyrgð á því að málefni sem kunna að koma á borð nefndarinnar, berist stúdentaráði og eða framkvæmdastjórn SHA sem mun afgreiða þau mál eða vísa þeim áfram á réttan vettvang.

## Fyrsta starfsár nefndarinnar

Á aðalfundi SHA 2019 var Ágústa Skúladóttir, fráfarandi formaður Reka, skipuð sem formaður Fjarnemanefndar. Hún bauð sig ein fram og var því sjálfkjörin. Eins og kom fram hér að ofan starfaði nefndin ekki sem slík skólaárið 2018-2019 svo þetta skólaár er í raun fyrsta starfsárið hennar. Það gekk misvel að manna í nefndina frá aðildarfélögunum og tók nokkurn tíma en það endaði þannig að fimm af sjö aðildarfélögum náðu að manna stöður sínar. Aðildarfélögin eru átta talsins en DATA er ekki partur af Fjarnemanefnd. Ákveðið var á vinnudegi SHA 27. ágúst 2019 að best væri að vera ekki með fyrirfram ákveðna fundi Fjarnemanefndar, heldur væru þeir boðaðir þegar eða ef einhver mál kæmu inn á borð nefndarinnar. Nefndin var í samskiptum í hóp sem stofnaður var á facebook.

## Hvert er framhaldið?

Það sem kom í ljós þetta skólaárið var hversu lítil þörf er fyrir nefndina sjálfa, þótt að fólkið sem að sitji í henni sé mikilvægt. Engin mál eða málefni komu inn til nefndarinnar en þó nefndu fulltrúar að þeir hafi fengið einhverjar fyrirspurnir og mál beint til sín sem þau gátu þá svarað sjálf. Eftir umræður á milli fulltrúa Fjarnemanefndar í janúar 2020 kom í ljós að allir voru sammála um að nefndin sem slík væri óþörf, en að það væri mikilvægt fyrir stjórnir aðildarfélaga að vera með fjarnemafulltrúa þar. Á fundi stúdentaráðs þann 17. Janúar 2020 var Fjarnemanefnd eitt af málum á dagskrá til umræðu, þar komu Sólveig María, formaður SHA, og Ágústa, formaður Fjarnemanefndar, með tillögu um að fella þessa nefnd niður. Ágústa kynnti stúdentaráði umræður nefndarinnar og ástæður fyrir því hvers vegna það væri best að fella nefndina niður. Það var svo kosið um niðurfellinguna og var það samþykkt einróma að fella Fjarnemanefnd niður. Þó er ég þeirrar skoðunar að það sé mikilvægt að hafa fulltrúa fjarnema í stúdentaróði, þó svo að þeirri stöðu fylgi ekki nefnd en þá er mikilvægt að hafa ætíð sjónarhorn fjarnema í störfum stúdentaráðs. Því mun verða lögð fram lagabreytingartillaga, þess efnis á aðalfundi SHA, þar sem að gert er ráð fyrir fjarnemafulltrúa í stúdentaráði, sem er tengiliður við fjarnemafulltrúa aðildarfélaga.

*Kópavogur, 5. febrúar 2020*
*Ágústa Skúladóttir, formaður Fjarnemanefndar 2019-2020*

# Gæðanefnd

Verkefni Gæðanefndar var fyrst og fremst að vinna að nýrri aðferð og leið við námskeiðsmatið þar sem að þátttaka stúdenta hefur farið hrakandi í námskeiðsmati við háskólann, auk þess sem í síðustu Stofnanaúttekt HA, kemur fram að horfa eigi til nemendastýrðs námskeiðsmats.

Stofnfundur nefndarinnar var haldinn snemma á haustmisseri. Fljótlega kom þó í ljós að nefndin sem slíkt reyndist óþörf, fyrirkomulag sem hafði verið lagt til varðandi námskeiðsmatið hafði breyst mikið frá því sem lagt var upp með þegar nefndin var sett á laggirnar á síðasta aðalfundi SHA. Eins og hugmyndirnar eru í dag, fer vinnan við námskeiðsmatið fyrst og fremst fram með samvinnu formanns nefndarinnar og fulltrúa þeirra deildar sem taka þátt í námskeiðsmatinu hverju sinni.

Vinna við þróun námskeiðsmats stóð yfri allt kjörtímabilið og má segja að henni sé ekki lokið enn. Formaður Gæðanefndar hefur unnið náið með Gæðastjóra HA að þessari þróun og einnig hefur sérstakur starfshópur skipaður af Gæðastjóra unnið að endurnýjun spurningalista í Uglu ásamt þróun samtalsmiðaða matsins. Í þessum hópi sátu fyrir hönd stúdenta Daníel Gunnarsson formaður Gæðanefndar og Sólveig María Árnadóttir formaður SHA. Stefnt var að því að hefja prufu á þessu nýja samtalsmiðaða mati í lok haustmisseris en á fundi Gæðanefndar og í samráði við framkvæmdastjórn SHA var ákveðið að slá því á frest fram yfir áramót 2019-2020.

Þegar þetta er skrifað hafa farið fram þrír námskeiðsmats fundir með stúdentum kennaradeildar og iðjuþjálfunardeildar og hefur tekist vel til. Á dagskrá eru svo yfirstandandi misseri að klára prufukeyrslu í iðjuþjálfunar-, auðlinda- og líftæknideildum. Þeir fundir eru þegar komnir á dagskrá í stundatölfu stúdenta.

Eins og áður hefur komið fram kom það í ljós að séstök nefnd var ekki heppilegasta verkfærið við þá vinnu sem felst í nýja námskeiðsmatinu og því verður það lagt til á aðalfundi SHA að leggja nefndina niður, samkvæmt einróma samþykki stúdentaráðs. Fulltrúi Gæðaráðs mun þó áfram eiga sæti í stúdentaráði, verði breytingin samþykkt, og hafa umsjón með matinu ásamt því að fylgja eftir verkefnu tengdum gæðamálum fyrir stúdentaráð. Í vor mun loks koma í ljós hvort að háskólinn ætli sér að taka upp leið samtalsmiðaðs námskeiðsmats og munu þá öll aðildarfélög SHA þurfa að tilnefna fulltrúa til þess að sinna því, í samstarfi við fulltrúa gæðaráðs í Stúdentaráði.

*Akureyri, 24. febrúar 2020*
*Daníel Gunnarsson*
*Fulltrúi stúdenta í Gæðaráði*

# Kynninganefnd

Kynninganefnd SHA tekur þátt í því að kynna háskólann og þær námsleiðir sem háskólinn býður upp á. Kynningarnefndin starfar náið með Markaðs- og kynningarsviði háskólans. Í nefndinni sitja níu aðilar, formaður, sem kosinn er til eins árs á aðalfundi Stúdentafélags Háskólans á Akureyri ásamt fulltrúa úr hverju aðildarfélagi SHA. Nefndin starfar eftir verklagsreglum sem stúdentaráð SHA setur.

## Kynninganefnd 2018-2019

Karen Jónasdóttir, formaður

Jevgenija Zlotnikova, fulltrúi Data

Hugrún Sigurðardóttir, fulltrúi Eirar

Brynjar Helgi Jónsson, fulltrúi Forseta

Fanný Traustadóttir, fulltrúi Kumpána

Kamila Kinga Świerczewska, fulltrúi Magister

Ásdís Inga Viktorsdóttir, fulltrúi Reka

Kristján Pétur Andrésson, fulltrúi Stafnbúa

Elsa Hrönn Gray, fulltrúi Þemis

## Pistill frá formanni Kynninganefndar

Á starfsárinu 2019-2020 voru að venju tveir aðal viðburðir sem nefndin tekur þátt í að skipuleggja með Markaðs – og kynningasviði háskólans, Opnir dagar og Stóri háskóladagurinn. Fyrri viðburðurinn, Opnir dagar í HA, fóru fram 3. og 4. október í Sólborg. Þá komu útskriftarárgangar úr framhaldsskólum á norðurlandi í heimsókn og kynntu sér námsúrval háskólans ásamt aðstöðunni. Í hátðarsal háskólans kynntu stúdentar af öllum námstigum og starfsfólk háskólann og það sem hann hefur upp á að bjóða. Gestir fengu tækifæri til að fara í göngutúr um háskólann með stúdentum og einnig stóðu stúdentar vaktina ásamt starfsfólki á básum sem settir voru upp í Miðborg, þar sem allar námsleiðir háskólans voru kynntar. Að lokum var boðið upp á pizzu af Greifanum. N4 komu og tóku upp 8 mínútna sjónvarpsviðtal fyrir þáttinn Að norðan.

Viðburðurinn heppnaðist vel að mestu en þó breyttist fjöldi gesta hvern dag lítillega en þar kom menningarferð MA til Reykjavíkur inn. Haldnar voru þrjár æfingar fyrir þá stúdenta fóru með ræður á þessum degi. Seinni viðurburðurinn er Stóri háskóladagurinn sem mun fara fram í Reykjavík þann 29. febrúar. Þangað munu bæði fjar- og staðarnemar ásamt starfsfólki kynna háskólann. Breytingar verða gerðar á þeim fjölda nemenda og starfsfólks sem sendir verða suður en Markaðs- og kynningarsvið skólans tók einnig ákvörðun um að hætta að prentun bæklingsins sem hefur verið dreift á deginum. Aðrar umhverfisvænni og ódýrari leiðir voru settar í þróun.

Venjan hefur verið að fara um landið til að kynna skólann á viðburðum á vegum Háskóladagsins en þetta árið verður einungis farið til Ísafjarðar þann 12. mars. Í staðin fyrir hringferðina verður haldinn viðburður í húsnæði Háskólans á Akureyri þann 7. mars með svipuðu móti og Stóri háskóladagurinn er fyrir sunnan. Vinnuhópur var stofnaður innan HA, mannaður starfsmönnum og stúdentum á vegum SHA til að koma að skipulagningu dagsins en búist er við að allt húsið verði lagt undir, ásamt Borgum. Fulltrúar SHA í vinnuhópnum eru Karen Jónasdóttir, formaður Kynninganefndar, Sólveig María Árnadóttir formaður SHA og Steinunn Alda Gunnarsdóttir formaður Kumpána.

Þar að auki hefur Kynninganefndin ásamt öðrum stúdentum háskólans komið að nokkrum minni kynningum á háskólanum. Tveir nemendur úr lögreglufræði fóru í Neskaupstað þann 5. október á Tæknidag fjölskyldunnar fyrir hönd háskólans. Þann 7. febrúar var haldið Starfstorg grunnskólanna í skólanum. Á starfatorgi gefst grunnskólanemendum í 9. bekk tækifæri á að kynna sér ýmsar starfsgreinar og leiðina þangað. Formaður ásamt Birnu Heiðarsdóttur, vefstjóra Háskólans á Akureyri sáu um að að kynna sveigjanlegt nám ásamt því sem nemendum grunnskólanna gafst kostur á því að prófa þær fjærverur sem Kennslumiðstöð Háskólans á Akureyri á og þótti nemendunum það mjög skemmtilegt og spennandi.

Formaður Kynninganefndar hefur unnið náið með vefstjóra háskólans í þróun efnis samfélagsmiðla og tekin virkan þátt í þeirri vinnu. Ákvörðun var tekin um að hætta með

vikulega liðinn *Hvað er í matinn?* og verður þess í stað settur annar reglubundinn viðburður í loftið bráðlega. Vonast er til að stækka þann stökkpall sem unnið hefur verið að á samfélagsmiðlum, á Facebook og Instagram.  Þetta ár hefur verið skemmtilegt og mjög lærdómsríkt og hlakka ég til að fylgjast með starfinu í framtíðinni.

*Akureyri, 10. febrúar 2020*
*Karen Jónasdóttir*
*Formaður kynninganefndar 2019-2020*

# Viðburðanefnd

Viðburðanefnd SHA sér um skipulagningu viðburða á sviði skemmtana-, íþrótta og fjölskyldumála. Í nefndinni sitja átta aðilar, formaður, sem kosinn er til eins árs á aðalfundi Stúdentafélags Háskólans á Akureyri ásamt fulltrúa úr hverju aðildarfélagi SHA. Nefndin starfar eftir verklagsreglum sem settar eru af stúdentaráði.

## Viðburðanefnd 2019-2020

Elfa Björk Víðisdóttir, formaður

Þórný Stefánsdóttir, fulltrúi Data

Ásta Guðrún Eydal, fulltrúi Eirar

Dagný Karlsdóttir, fulltrúi Forseta

Bergrós Birna Sigurgeirsdóttir, fulltrúi Kumpána

Díana Björg Friðriksdóttir, fulltrúi Magister

Harpa Mjöll Fossberg, fulltrúi Magister, hætti um áramót

Stella Marín Guðmundsdóttir, fulltrúi Reka

Arna Dögg Arnarsdóttir, fulltrúi Stafnbúa

Elsa Hrönn Grey Auðunsdóttir, fulltrúi Þemis

## Pistill frá Viðburðanefnd

## Sprellmót SHA 2019

Starfsárið hjá viðburðanefnd byrjaði á frábæru og vel heppnuðu Sprellmóti. Sprellmótið var haldið í hátíðarsal háskólans 20. september 2019. Dómnefnd mótsins skipaði eins og áður starfsfólk háskólans sem voru Óskar Þór Vilhjálmsson, Kristín Margrét Jóhannsdóttir, Sigurður Óli, Hólmar Svansson og Nanna Ýr Arnardóttir. Eins og venjan er hittust öll aðildarfélögin á Ráðhústorginu, í þetta skiptið kl. 15:00 með miklum látum og skemmtun eins og árin á undan. Nemendur kepptu í þrautum á Ráðhústorginu sem voru eftirfarandi:

- Pýramídakeppni
- Reipitog

- Öskurkeppni
- Búningakeppni

Að skemmtun lokinni á Ráðhústorgi komu rútur sem ferjuðu einkennisklædda stúdenta upp í háskóla. Þar fór fram dagskrá fram á kvöld og voru pizzur pantaðar fyrir hungraða stúdenta. Í hátíðarsal háskólans og Miðborg var einnig keppt í þrautum. Þær þrautir voru:

- Pennahlaup
- Kappát
- Belghopp
- Stóladans
- Hæfileikakeppni
- Hjólbörur
- Bjórþamb

Nemendafélag lögreglufræðinema, Forseti vann Sprellmótið að þessu sinni eftir æsispennandi og harða keppni. Rútur komu og sóttu nemendur um kl. 01:00 þar sem þeim var ekið niður í bæ.

## Bingó Viðburðanefndar

Í ár, líkt og í fyrra var haldið bingó opið öllum innan sem og utan háskólans til þess að safna auka pening til þess að nota í eitthvað skemmtilegt. Viðburðurinn var mjög vel sóttur auk þess sem að viðburðanefnd var með flotta og veglega vinninga í því. Frábær viðburður sem halda mætti aftur á næsta starfsári. Jafnvel væri ráð að hafa bingó tvisvar sinnum yfir starfsárið, í upphafi skólaárs og svo aftur þegar líður á árið.

## Stóra Vísindaferðin

Helgina 30. janúar – 2. febrúar 2020 hélt hópur af nemendum við Háskólann á Akureyri suður í einn stærsta viðburð skólamisserisins. Rútur sóttu nemendur á bílaplan háskólans kl. 09:00 á fimmtudagsmorgninum. Rúturnar keyrðu rakleiðist suður á Hótel Cabin þar sem stór hluti stúdenta gisti. Hvert nemendafélag hafði skipulagt vísindaferðir fyrir samnemendur sína

yfir helgina en einnig var farið í sameiginlegar ferðir sem SHA hafði skipulagt. Að þessu sinni var farið í heimsókn til Ölgerðarinnar og Samfylkingingarinnar á laugardeginum. Eftir það fór ein rúta beint niður í bæ og önnur á Cabin og svo niður í bæ. Eftir vel heppnaða helgi í borginni sóttu rútur nemendur á Hótel Cabin sem þaðan keyrðu heim til Akureyrar á sunnudeginum.

## Árshátíð SHA 2019

Árshátíð SHA verður haldin hátíðlega þann 14. Mars 2021 í hátíðarsal Háskólans á Akureyri í þriðja sinn. Líkt og síðustu ár mun hátíðin hefjast í fyrra laginu, nemendum til mikillar gleði. Dagskráin verður þétt og mun byrja klukkan 17:00 með fordrykk, smáréttum og hópmyndatökum aðildarfélag. Boðið verður upp á mat frá Bautanum og RUB23 í ár, sem bjóða þrískiptan matseðil. Munu þau sjá um að koma með allan borðbúnað ásamt dúkum og drykkjarföngum sem verða seldir á kostnaðarverði á barnum. Gæsla verður á sínum stað, sem mun sjá til þess að allt fari vel fram, auk þess sem fenginn verður starfsmaður umsjónar til þess að mæta á kvöldið og gæta þess að salerni séu hrein. Rútur munu ferja árshátíðargesti í miðbæ Akureyrar upp úr miðnætti.

*Akureyri, 5. febrúar 2020*
*Elfa Björk Víðisdóttir*
*Formaður Viðburðanefndar 2019-2020*

# Skýrslur stúdenta í nefndum og ráðum Háskólans á Akureyri




Í Háskólanum á Akureyri eru starfandi hinar ýmsu nefndir og ráð. Stúdentar eiga sæti í þeim flestum og leggur háskólinn upp úr virkri þátttöku stúdenta. Stúdentum gefst tækifæri á að eiga raunverulega rödd innan veggja háskólans þegar kemur að ákvarðanatöku varðandi hin ýmsu mál. Það er því mikilvægt að stúdentar séu virkir í nefndum og ráðum háskólans en það er ekki sjálfsagt að rödd stúdenta sé metin með þeim hætti. Á starfsárinu hefur framkvæmdastjórn SHA lagt upp úr virkri þátttöku fulltrúa sinna í nefndum og ráðum skólans. Mæting, þátttaka og virkni þeirra á fundi skiptir gríðarlega miklu máli fyrir stúdenta háskólans og eiga fulltrúar nemenda að hafa hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi í sínum störfum. Mikilvægt er að haldinn sé vinnufundur í upphafi starfsárs í samráði við Gæðastjóra HA, þar sem fulltrúar fá kynningu frá nefndum og ráðum háskólans og geti þannig sett sig inn í þau verkefni og störf sem fram undan eru.

# Háskólaráð

Fulltrúar stúdenta í Háskólaráði Háskólans á Akureyri starfsárið 2019-2020 eru Sólveig María Árnadóttir aðalfulltrúi og Kristján Pétur Andrésson varafulltrúi. Háskólaráð fer með æðsta ákvörðunarvald innan háskólans og sinnir yfirumsjón málefna er varða háskólann almennt og markar honum heildarstefnu. Háskólaráð fer með almennt eftirlit með starfsemi háskólans í heild, einstakra skóla og háskólastofnana og ber ábyrgð á því að háskólinn starfi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Í brennidepli háskólaráðs er ávallt samvinna á milli fræðasviða, stefnumótun háskólans og samskipti við aðila utan háskólans, þ.e. aðra háskóla, rannsóknastofnana og atvinnulífið.

## Háskólaráð 2018-2019:

Eyjólfur Guðmundsson rektor, formaður

Dagmar Ýr Stefánsdóttir yfirmaður samskipta og samfélagsmála hjá Alcoa, fulltrúi menntamálaráðherra

Óskar Þór Vilhjálmsson tæknimaður, fulltrúi háskólasamfélagsins

Sigríður Inga Karlsdóttir dósent, fulltrúi háskólasamfélagsins

Sólveig María Árnadóttir stúdent, fulltrúi stúdenta

Katrín Björg Ríkharðsdóttir framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu, fulltrúi háskólaráðs

Kristján Þór Magnússon bæjarstjóri Norðurþings, fulltrúi háskólaráðs

## Til vara:

Jón Helgi Pétursson, fulltrúi menntamálaráðherra

Rúnar Gunnarsson verkefnastjóri, fulltrúi háskólasamfélagsins

Kristján Pétur Andrésson stúdent, fulltrúi stúdenta

Brynhildur Pétursdóttir framkvæmdarstjóri Neytendasamtakanna, fulltrúi háskólaráðs

## Pistill frá fulltrúa stúdenta í Háskólaráði

Háskólaráð starfar eftir lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008. Háskólaráð fer með úrskurðarvald í málefnum háskólans og setur háskólanum reglur og hefur eftirlit með þeim reglum. Stúdentar háskólans eiga eitt sæti í háskólaráði skv. lögum um opinbera háskóla, sem reiknast út frá fjölda nemenda hvers háskóla. Það er því gríðarlega mikilvægt að fulltrúi stúdenta í háskólaráði sinni starfinu af samviskusemi, dugnaði og kjarki. Rödd stúdenta er gríðarlega mikilvæg á fundum yfirstjórnar háskólans, þar sem hagsmunir stúdenta eru oftar en ekki til umræðu á slíkum fundum. Sérstaklega er það mikilvægt þegar fjallað er um hugsanlegar aðgangstakmarkanir í háskólann, fækkun á námsbrautum eða jafnvel fjölgun á námsleiðum.

Háskólaráð fundar reglulega, einu sinni í mánuði og eru þau málefni sem tekin eru fyrir á hverjum fundi mjög fjölbreytt hverju sinni. Þá eru gjarnan mjög skemmtileg og áhugaverð mál á dagskrá. Þar sem fulltrúi stúdenta í háskólaráði talar fyrir heildina og er rödd allra stúdenta háskólans er gríðarlega mikilvægt að fulltrúinn hafi sterka tengingu við fulltrúa stúdenta á deildar-, deildarráðs- og sviðsfundum en alla jafna eru þeir fulltrúar formenn aðildarfélaga SHA og sitja í stúdentaráði SHA. Það er því gríðarlega mikilvægt að sú lagabreyting hafi verið samþykkt á aðalfundi SHA árið 2019 að fulltrúi stúdenta í háskólaráði eigi sæti í stúdentaráði, þannig er hægt að tryggja upplýsingaflæði, bæði til háskólaráðs sem og frá háskólaráði.

Ég hef af samvisku mætt á alla fundi háskólaráðs þau tvö ár sem ég hef setið í ráðinu. Starfi í háskólaráði fylgir mikil ábyrgð og vinna. Það er mikilvægt að lesa sér vel til fyrir fundi og kynna sér öll þau fundargöng sem liggja fyrir hverju sinni. Ef eitthvað er óljóst, er gott að hafa gott aðgengi að bæði stúdentum og hinum ýmsu starfsmönnum háskólans sem eru miklir viskubrunnar og hafa hjálpað mikið. Þar ber helst að nefna Sólveigu Hrafnsdóttur, forstöðumann náms- og starsráðgjafar, en ég leitaði mikið til hennar þegar ég gat og hún veitti mér ómetanlega hjálp og sýndi mér hlutina í allt öðru ljósi, oft á tíðum.

Nemendafjöldi og fjármögnun Háskólans á Akureyri hefur tekið mikið pláss í háskólaráði síðustu tvö starfsár, en eins og ljóst er, að þá er háskólinn að stækka um of og er fjöldi nemendaígilda ekki í takt við auknar vinsældir háskólans. Því hefur háskólaráð þurft að grípa til hertra aðgerða er varðar aðgengi að háskólanum, til þess eins að halda háskólanum á floti en fyrst og fremst til þess að tryggja gæði náms- og kennslu. Það hefur síður en svo verið auðvelt að taka þær ákvarðanir. Ég get þó sannfært stúdenta HA um að þær ákvarðanir hafa ætíð verið teknar af vel ígrunduðu máli, með gæði náms í fyrsta sæti auk þess sem ákvarðanir hafa einungis verið teknar út frá heildinni, með hagsmuni allra stúdenta HA að leiðarljósi.

Ég kveð háskólaráð eftir tveggja ára setu, reynslunni ríkari. Það er gott að sitja í háskólaráði og einhverjum stúdentum kann að finnast það ógnvekjandi að sitja á fundum þar og vera fulltrúi í æðsta ákvörðunarvaldi háskólans. Það er þó svo, að þeir fulltrúar sem eiga sæti í háskólaráði, taka stúdenta opnum örmum og kalla ætíð eftir þeirra sjónarmiðum á fundum. Það er því mikilvægt að nýr fulltrúi mæti sterkur og fullur sjálfstrausts til leiks. Ég ráðlegg arftaka mínum að mæta undirbúinn á fundi og að hika ekki við að spyrja ef eitthvað er óljóst eða ef einhverjar spurningar kunna að vera. Engar spurningar eru heimskulegar, það eru bara til heimskuleg svör.

Loks hvet ég stúdenta HA til þess að lesa fundargerðir háskólaráðs sem allar eru aðgengilegar á ytri vef háskólans.

*Akureyri, 27. febrúar 2020*
*Sólveig María Árnadóttir*
*Fulltrúi stúdenta í Háskólaráði*

# Gæðaráð

Við Háskólann á Akureyri starfar gæðaráð en þar eiga sæti Gæðastjóri sem er í forsæti, fulltrúar fræðasviða, forstöðumaður kennslumiðstöðvar, forstöðumaður nemendaskrár, tveir fulltrúar stúdenta og tveir fulltrúar starfsmanna. Gæðaráð fundar að jafnaði einu sinni í mánuði. Hlutverk gæðaráðs er að bera ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis háskólans og tryggja að háskólinn standist ávallt þær ytri kröfur sem gerðar eru til gæða í starfi hans. Gæðaráð skal jafnframt vekja áhuga á gæðamálum innan háskólans og vera vettvangur umfjöllunar og ákvarðanatöku um gæðamál hans. Ráðið skal stuðla að umbótum og þróun á kennslu og námsmati, sem og að samþykkja, hafa eftirlit með og tryggja reglulega endurskoðun á námsbrautum og prófgráðum. Gæðaráð skal vaka yfir gæðum rannsókna innan háskólans og safna saman, meta og bregðast við þeim upplýsingum um starfsemi háskólans sem lúta að gæðum hverskonar. Ráðið skal taka afstöðu til mikilvægra breytinga á starfsemi háskólans sem kunna að hafa áhrif á gæði í starfsemi hans sem og að fjalla um undirbúning og framkvæmd sjálfsmats ytra mats á háskólanum og tryggja eftirfylgni með því.
Á aðalfundi SHA 2019 voru kosin í gæðaráð HA sem fulltrúar stúdenta Daníel Gunnarsson aðalfulltrúi til tveggja ára og Eva María Matthíasdóttir varafulltrúi til tveggja ára.

## Gæðaráð veturinn 2019-2020 skipa:

Vaka Óttarsdóttir, gæða- og mannauðsstjóri, formaður gæðaráðs

Daníel Gunnarsson, fulltrúi stúdenta

Leifur Guðni Grétarsson, fulltrúi stúdenta

Helena Sigurðardóttir, fulltrúi starfsfólks stjórnsýslu og stoðþjónustu

Kristín Margrét Jóhannsdóttir, fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs

Katrín Árnadóttir, forstöðumaður nemendaskrár

Bergljót Borg, fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs

Sigríður Sía Jónsdóttir, fulltrúi akademísks starfsfólks

Stefán B. Gunnlaugsson, fulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs

Auðbjörg Björnsdóttir, forstöðumaður kennslumiðstöðvar

## Varafulltrúar

Sigrún Lóa Kristjánsdóttir, fulltrúi starfsfólks stjórnsýslu og stoðþjónustu

Margrét Elísabet Ólafsdóttir, fulltrúi akademísks starfsfólks

Eva María Matthíasdóttir, fulltrúi stúdenta

Sólveig María Árnadóttir, fulltrúi stúdenta

## Pistill frá fulltrúum stúdenta í Gæðaráði

Verkefni gæðaráðs HA hafa verið fjölbreytt og mörg á liðnu starfsári. Fyrst ber að nefna að síðastliðið vor urðu mannaskipti í stöðu gæðastjóra HA, þar sem Sigrún Magnúsdóttir, gæðastjóri til fjölda ára, lét af störfum og Vaka Óttarsdóttir tók við sem Gæða- og mannauðsstjóri háskólans, en áður hafði hún verið verkefnastjóri innan Hug- og félagsvísindasviðs. Nemendafulltrúar vilja nýta tækifærið og þakka Sigrúnu einstaklega gott samstarf við stúdenta í gengum árin, en hún ásamt Solveigu Hrafnsdóttur, hafa reynst nemendum og stúdentafélaginu afar vel í gegnum tíðina, bæði hvað varðar gæðamál, sem og önnur verkefni innan raða stúdenta til að mynda endurskipulagningu stúdentafélagsins. Þær voru alltaf tilbúnar til þess að eiga samtal við okkur, hlusta á okkar sjónarmið, miðla reynslu sinni og þekkingu á háskólanum og því umhverfi sem við störfum í. Sigrún er þó ekki alveg horfin á braut, því hún mun halda áfram að sjá um stofnanaúttektarvinnu HA fyrir komandi stofnanaúttekt.

Samstarf við nýjan gæðastjóra hefur verið gott og hefur einkum Daníel verið í nánu samstarfi við gæðastjóra í vinnu við þróun og framkvæmd nýs námskeiðsmats. Ráðist var í þá vinnu á síðasta starfsári, en nú hefur verkefnið tekið miklum breytingum og hefur Daníel leitt þá vinnu að hálfu stúdenta. Er það álit stúdentafulltrúa að sú vinna muni skila sér í betra ferli fyrir námskeiðin, kennara, stúdenta og háskólann í heild sinni.

Stofanaúttekt gæðaráðs háskólanna er fram undan með tilheyrandi vinnu í öllum deildum háskólans. Öll svið háskólans hafa annað hvort eða eru í sjálfsmatsvinnu og sú vinna hefur reglulega komið inn á borð gæðaráðs, þar sem ráðið þarf að samþykkja tímalínur og verklag.

Þá hefur gæðaráð einnig unnið að hugmyndum um að einfalda skipulag og vinnu ráða og nefna innan háskólans með það fyrir augum að auka skilvirkni og minnka álag á starfsfólk og aðra sem sæti eiga í téðum nefndum og ráðum.

Í gæðaráði hefur, eins og í háskólanum öllum, farið fram mikil umræða um innritunarmál, fjölda stúdenta við háskólann, álag á starfsfólk og hugtakið ,,sveigjanlegt nám". Fulltrúum stúdenta í gæðaráði virðist nokkuð ljóst að háskólinn er að ganga í gegnum mikla vaxtarverki og því er mjög mikilvægt að viðhalda sterkri rödd stúdenta í gæðaráði. Ekki sér fyrir endann á vinnu sem nú þegar er í gangi við að skilgreina það hvert háskólinn stefnir.

Fyrirferðamesta mál sem stúdentar komu með inn í gæðaráð á liðnu ári er án efa stórt kvörtunarmál úr RAT aðferðafræðinámskeiði. Fulltrúar stúdenta hafa þurft að láta vel í sér heyra til að halda því máli til streitu. Úr varð að sérstök námsnefnd var skipuð af rektor með óháðan formann utan háskólans. Sú nefnd er enn að störfum að nafninu til og hefur ekki skilað af sér tillögum til úrbóta og mun það líklega ekki nást fyrir vorið. Þetta mál er eitthvað sem stúdentafulltrúar verða að halda áfram á lofti næsta starfsár.

Gæðaráð er eitt mikilvægasta ráð háskólans sem nemendur eiga sæti í. Hingað til hafa nemendur tekið mjög virkan þátt í starfi ráðsins og er það umtalað hversu ánægjulegt sé að sjá þátttöku stúdenta í ráðinu. Það er von okkar sem áttum sæti í ráðinu á liðnu starfsári að stúdentar haldi áfram virkri þátttöku í störfum ráðsins, stúdentum og háskólanum öllum til hagsbóta. Við mannaskipti sem fram undan eru í hópi stúdentafulltrúanna er rétt að nýta tækifærið og þakka Leifi Guðna Grétarssyni fyrir vel unnin störf fyrir stúdenta undanfarin ár.

*Akureyri og Reykjavík, 27. febrúar 2020*
*Daníel Gunnarsson og Leifur Guðn Grétarsson*
*Fulltrúar stúdenta í gæðaráði HA*

# Siðanefnd

Hlutverk siðanefndar Háskólans á Akureyri er að skera úr um hvort að siðareglur skólans hafi verið brotnar, sé ágreiningur þar um. Siðanefnd er skipuð samkvæmt reglum nr. 546/2009 um breytingar á reglum HA nr. 757/2006 um viðurlög við ritstuld. Nefndin starfar eftir þeim reglum auk siðareglum Háskólans á Akureyri og fjallar m.a. um kærur vegna meints ritstulds. Nefndin tekur ekki upp mál að eigin frumkvæði en aðilar, bæði innan og utan skólans geta beint erindum til nefndarinnar.

Í siðanefnd Háskóla á Akureyri sitja fimm aðilar; einn fulltrúi stúdenta, þrír fulltrúar akademískra starfsmanna og einn fulltrúi kennslusviðs.

## Fulltrúar SHA í Siðanefnd veturinn 2019-2020:

Jóhann Heiðar Guðjónsson

# Jafnréttisráð

Jafnréttisráð Háskólans á Akureyri hefur frumkvæði og eftirlit með að áætlun háskólans um jafna stöðu kynjanna sé framfylgt, í samráði við framkvæmdastjórn. Starfsmaður jafnréttisráðs er Anna Soffía Víkingsdóttir.

## Jafnréttisráð veturinn 2019-2020 skipa:

Sólveig Elín Þórhallsdóttir, formaður – tilnefnd af rektor

Sigríður Ingadóttir, sérfræðingur á MSHA, fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs

Jón Þorvaldur Heiðarsson, lektor, fulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs

Sigrún Sigurðardóttir, lektor, fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs

Rúnar Gunnarsson, verkefnastjóri alþjóðamála, fulltrúi háskólaskrifstofu/skrifstofu rektors

Helga Björg Loftsdóttir, fulltrúi stúdenta

Jón Hlífar Aðalsteinsson, fulltrúi stúdenta

## Til vara:

Andrew Hill, lektor, varafulltrúi hug- og félagsvísindasviðs

Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir, aðjúnkt, varafulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs

Börkur Már Hersteinsson, aðjúnkt, varafulltrúi heilbrigðisvísindasviðs

Árný Þóra Ármannsdóttir, námsráðgjafi, varafulltrúi háskólaskrifstofu/skrifstofu rektors

Karen Jónasdóttir, varafulltrúi stúdenta

Jóhann Heiðar Guðjónsson, varafulltrúi stúdenta

## Pistill frá fulltrúum stúdenta í Jafnréttisráði

Fyrstu verk stúdentafulltrúa í jafnréttisráði var að taka þátt í vinnu að endurskoðun á *Áætlun um jafna stöðu kynjanna við Háskólann á Akureyri.* Þegar þetta er skrifað hefur áætlunin verið kynnt háskólaráði. Ráðið hefur fundað reglulega á starfsárinu og hefur vinnan verið afar áhugaverð, lærdómsrík og skemmtileg.

Að venju skipulagði jafnréttisráð jafnréttisdaga í Háskólanum á Akureyri en um er að ræða viku viðburð, tileinkaða jafnréttinu, sem haldinn er í öllum háskólum landsins. Jafnréttisdagar fóru fram í fyrstu vikunni í 3.-7. febrúar 2020 og voru þeir haldnir með sambærilegu sniði og áður þar sem lögð var áhersla á færri og stærri viðburði. Dagarnir heppnuðust afar vel og voru vel sóttir af bæði starfsfólki og stúdentum. Telja stúdentafulltrúarnir æskilegt að halda í það fyrirkomulag sem hefur verið haft á dögunum síðustu tvö ár en áður var dagskráin þétt skipulögð alla vikuna, með fjölda viðburða á hverjum degi, sem varð til þess fallið að viðburðir voru illa sóttir. Fyrirkomulagið eins og það var í ár, gerði það að verkum að góð þátttaka var og með því er líklegra að markmið daganna náist. Fengnir voru fyrirlesarar til þess að fjalla um málefni sem eru áberandi í þjóðfélaginu í dag. Markus Meckl og Sveinbjörg héldu fyrirlestur um kvennavinnu sem fjallar um rannsókn þeirra er varðar kvenkyns innflytjendur í láglaunastörfum. Þá hélt Inga Björk Bjarnadóttir fyrirlestur sem var tengdur við félagsvísindatorg á miðvikudegi, um það hvernig væri að vera hluti af 1% fatlaðra háskólanema, fyrirlesturinn hennar var afar áhugaverður og opnandi en hún fjallaði meðal annars um það hvernig hefði verið að vera í hjólastól í skiptinámi í Feneyjum. Þar að auki var tungumálakaffið á sínum stað ásamt ljúffengum jafnréttisvöfflum.
Að venju tók SHA þátt í kostnaði og skipulagningu þessa daga og í ár var sigga Dögg, kynfræðingur fengin til þess að loka jafnréttisdögum með hamingjustund á föstudeginum.

Síðasta verkefni stúdentafulltrúanna var að taka þátt í skrifum á ályktun er varðar umsóknarferli Háskólans á Akureyri, þar sem krafa frá jafnréttisráði er sett um það að þeir sem sækja um nám við HA þurfi ekki að tilgreina kyn sitt í umsóknarferlinu.

*Akureyri, 17. febrúar 2020*
*Helga Björg Loftsdóttir*
*Jón Hlífar Aðalsteinsson*

# Umhverfisráð

## Umhverfisráð veturinn 2019-2020 skipa:

Hjalti JóhannessonSérfræðingur, formaður

Sigríður Margrét Sigurðardóttir, Lektor

Vera K. Vestmann Kristjánsdóttir, Aðjúnkt

H. Júlía Júlíusdóttir, Stúdent

Guðrún Vaka Þorvaldsdóttir, Stúdent

Þórný Stefánsdóttir, Stúdent

Til vara:

Edward H. Huijbens, Prófessor

Hafdís Björg Hjálmarsdóttir, Lektor

Eva Matthildur Benediktsdóttir, Stúdent

Fanný Traustadóttir, Stúdent

## Pistill frá fulltrúum stúdenta í Umhverfisráði

Ný umhverfis- og samgöngustefna HA 2018-2022 var samþykkt í nóvember 2017 og hefur verið unnið samkvæmt henni og skipunarbréfi umhverfisráðs. Stór þáttur í starfi umhverfisráðs HA hefur verið að vinna í markmiðssetningu og eftirfylgni vegna Grænfánaverkefnis Landverndar en HA er eini háskóli landsins sem er með slíka viðurkenningu. Síðastliðið haust komu fulltrúar frá Landvernd í úttekt og í kjölfarið fékk skólinn grænfánann í þriðja sinn við hátíðlega athöfn 29. október.

Þann 2. maí var haldinn plokkdagur á lóð HA sem starfsmenn skólans tóku þátt í. Daginn eftir, þann 3. maí, var úttekt á Grænfánaverkefninu ásamt því að formaður ráðsins sótti Landshlutafund Skóla á Grænni grein. Þann 16. Janúar hélt Brynhildur Bjarnadóttir fyrirlestur um kolefnisbindingu á félagsvísindatorgi. Fleiri fyrirlestrar og erindi eru á döfinni.

Góð þátttaka var á bíllausa deginum sem var í fyrsta sinn haldinn í háskólanum 23. september. Margir nýttu sér aðra farmáta á borð við hjól, göngu og strætó. Í tilefni af

bíllausa deginum var settur af stað Instagram leikur þar sem nemendur áttu möguleika á að vinna umhverfisvæna glaðninga frá íslenskum fyrirtækjum.

Ítrekaðar beiðnir og mikil eftirspurn nemenda varð til þess að umhverfisráði tókst loks í samvinnu við FÉSTA að setja upp flokkunartunnur frá Terra við stúdentaíbúðir. Fyrirhugað var að setja upp yfirbyggt hjólaskýli á lóð skólans en vegna skorts á fjármagni hefur það verið sett á bið. Ráðið hefur verið í samskiptum við Zipcar um að reyna að fá deilibíl staðsettan á lóð HA en ekki orðið ágengt enn. Umhverfisráð hefur fylgst með úrgangsmálum skólans og fundað með aðilum sem geta haft áhrif á þróun þeirra s.s. umsjónarmenn bygginga, mötuneytis og Gámaþjónustu Norðurlands.

Ráðið gerði úttekt á hreinsiefnum í samvinnu við umsjónarmann fasteigna og ræstitækna, og var ákeðið að framvegis yrðu einungis keypt umhverfisvottuð hreinsiefni en þau hreinsiefni sem hafði þegar verið keypt inn yrðu kláruð.

Fyrirhugað er að hafa reglulega grænmetisrétti í boði í mötuneytinu Kaffi Hól og er stefnt að því að það verði komið á gott ról fyrir næsta skólaár. Þá hefur umhverfisráð beitt sér fyrir kynningum og ábendingum um umhverfismál á upplýsingatöflum HA. Umfjöllun um umhverfismál hefur komið fyrir á facebook síðu HA að tilstuðlan ráðsins og á Instagram með innslögum nemenda. Loks má nefna að umhverfisráð hefur unnið í að koma umhverfismálum á aukinn hátt inn í nám nemenda – stefnt er að því að taka þau mál fastari tökum. Á döfinni er meðal annars að halda upp á dag jarðar með Instagram innleggi á vegum nemenda í umhverfisráði.

*Akureyri, 11. febrúar 2020*
*Guðrún Vaka Þorvaldsóttir, H. Júlía Júlíusdóttir*
*Þórný Stefánsdóttir*

# Vísindaráð

Hlutverk vísindaráð er að vera háskólaráði og yfirstjórn til ráðgjafar um eflingu vísindalegra rannsókna við Háskólann á Akureyri sbr. reglur um vísindaráð nr. 1208/2007.

Verkefni vísindaráðs eru:

1. Að vera rektor, háskólaráði, háskólafundi og yfirstjórn til ráðgjafar um málefni vísinda við Háskólann á Akureyri
2. Að beita sér fyrir mótun og endurskoðun stefnu um vísindi við Háskólann á Akureyri
3. Að starfa með gæðaráði að því að móta viðmið og kvarða sem notaðir eru til að meta vísindalega starfsemi við Háskólann á Akureyri
4. Að skapa bætt umhverfi til rannsókna fyrir kennara háskólans.

## Vísindaráð starfsárið 2019-2020 skipa:

Árún Sigurðardóttir, prófessor, tilnefnd af heilbrigðisvísindasviði

Eva María Ingvadóttir, stúdent, tilnefnd af SHA

Hermína Gunnþórsdóttir, prófessor, formaður, tilnefnd af rektor

Joan Nymand Larsen, prófessor, tilnefnd af rektor

Oddur Vilhelmsson, prófessor, tilnefndur af viðskipta- og raunvísindasviði

Sigurður Kristinsson, prófessor, tilnefndur af hug- og félagsvísindasviði

## Til vara:

Alexander Smárason, prófessor, tilnefndur af heilbrigðisvísindasviði

Elfa Björk Víðisdóttir, stúdent, tilnefnd af SHA

Birna María B. Svanbjörnsdóttir, lektor, tilnefnd af hug- og félagsvísindasviði

Bjarni Gautason, útibússtjóri ÍSOR, tilnefndur af rektor

Hilmar Janusson, framkvæmdarstjóri GENÍS, tilnefndur af rektor

Hjördís Sigursteinsdóttir, dósent, tilnefnd af viðskipta- og raunvísindasviði

# Stjórn FÉSTA

Félagsstofnun stúdenta á Akureyri, FÉSTA, er sjálfseignarstofnun sem Háskólinn á Akureyri, skráðir stúdentar og Akureyrarbær eiga aðild að. Þessir aðilar skipa einnig fulltrúa í stjórn FÉSTA. FÉSTA á og rekur stúdentagarða og annast ýmsa aðra þjónustu við stúdenta. Stjórn FÉSTA er skipuð fimm fulltrúum; einum fulltrúa Akureyrarbæjar, tveimur fulltrúum Háskólans á Akureyri og tveimur fulltrúum stúdenta.

### Stjórn FÉSTA starfsárið 2019-20202 skipa:

Halla Margrét Tryggvadóttir, formaður stjórnar, skipuð af Akureyrarbæ

Harpa Halldórsdóttir, forstöðumaður fjármálasviðs, skipuð af háskólaráði

Hólmar Svansson, framkvæmdastjóri, skipaður af háskólaráði

Steinunn Alda Gunnarsdóttir, stúdent, skipuð af SHA

Karen Jónasdóttir, stúdent, skipuð af SHA

### Til vara

Sigrún Lóa Kristjánsdóttir, verkefnastjóri, skipuð af háskólaráði

Elfa Björk Víðisdóttir nemi, skipaður af SHA

Orri Kristjánsson nemi, skipaður af SHA

## Pistill frá fulltrúum stúdenta í stjórn FÉSTA

Áhersla fulltrúa SHA í stjórn FÉSTA var lögð á umhverfismál á starfsárinu. Niðurstöður vinnufundar félagsmanna SHA, sem haldinn var um haustið, sýndi augljósan áhuga nemenda að krefjast þess að flokkunartunnur yrðu fengnar á garðana. Fulltrúar nefndu málefnið fyrst á fundi í september þar sem aðrir stjórnarmeðlimir tóku vel í. Starfsmenn FÉSTA fengu tilboð frá Terra og var tillagan samþykkt í október með öllum greiddum atkvæðum. Með komu flokkunartunnanna var nýr liður settur inn í leigusamninga leigjenda á görðunum um 1.000 kr hækkun á leigu. Stjórnin var sammála um að sama upphæð yrði sett á allar einingar í útleigu en tilboðið hljóðaði upp á misháa fjárhæð á hverja fasteign. Einnig var stjórnin sammála um

að mikil umhverfisvitund hafi vaknað síðustu misseri í samfélaginu og þótti því skrefið í takt við þróun samfélagsins. Tunnurnar var komið fyrir í ruslageymslum garðanna um áramót. Starfsmenn FÉSTA ásamt fulltrúum SHA í stjórn FÉSTA og fulltrúum SHA í umhverfisnefnd skólans tóku fund og hófu í kjölfarið til samstarfs. Samstarfið gekk út á að koma upplýsingum um flokkun og komu tunnanna á framfæri til nemenda á instagram-síðu SHA þar sem Sigríður Arna Lund var fengin til að sýna frá og útskýra. Fulltrúar SHA komu með tillögu á síðasta stjórnarfundi FÉSTA varðandi að stoppa allan fjölpóst á görðunum og myndi það verða næsta skref í umhverfismálum. Samstarfið var ánægjulegt og gekk vel.

Nýr framkvæmdarstjóri FÉSTA tók við árið 2019 og hafa í kjölfarið komið á borð stjórnar þó nokkrar hugmyndir um breytingar og framþróun félagsins. Meðal annars var ákveðið að tengja vef FÉSTA við Mínar síður, sem gert var á vegum Advania, til að koma umsóknarkerfinu í rafrænt form. Þetta telja fulltrúar SHA mikla framþróun enda mun það bjóða upp að nemendur hafi betri yfirsýn yfir umsóknum og beiðnum með nýu beiðnakerfi á meðan leigu stendur.

Stjórnarmeðlimum var boðið í bíltúr á milli eigna í október. Þar fékk stjórnin að kynnast starfsemi og aðstöðu garða FÉSTA og leikskólanum Tröllaborg. Farið var yfir þau helstu erindi hverrar byggingar, hvað væri í vændum í sambandi við framkvæmdir og mögulegar breytingar og bætur. Bíltúrinn var mjög gagnlegur, þá sérstaklega fyrir þá stjórnarmeðlimi sem koma frá Háskólanum og Akureyrarbæ en mikilvægt er að þau séu meðvituð um hvar garðarnir séu, hvernig aðstæður séu og helstu málefni hverrar byggingar.

Fulltrúar SHA í stjórn FÉSTA nefndu á fundi í janúar þá hugmynd sem kom upp á stúdentaráðsfundi um að stúdentagarðarnir myndu alfarið neita fjölpósti. Þetta teljum við næsta skref í umhverfisstefnu skólans, FÉSTA og SHA og finnst okkur því mikilvægt að aðilar sem sitja munu í stjórninni að ári fylgi þeirri hugmynd eftir.

*Akureyri, 10. febrúar 2020*

*Karen Jónasdóttir og Steinunn Alda Gunnarsdóttir*

*Aðalfulltrúar stúdenta í stjórn FÉSTA*

# Aðildarfélög SHA

Aðildarfélög SHA eru sviðs- og deildarfélög. Starfsemi þeirra og hlutverk hafa þróast gegnum árin og tekið miklum breytingum eins og starfsemi og hlutverk SHA. Formenn aðildarfélaganna eiga allir sæti í stúdentaráði. Aðildarfélögin starfa eftir verklagsreglum sem stúdentaráð setur. Aðildarfélög SHA eru átta talsins í dag:

- Data, félag tölvunarfræðinema, var stofnað 2016.
- Eir, félag heilbrigðisnema, var stofnað 1990. Nafn félagsins er fengið úr norrænni goðafræði.
- Forseti, félag lögreglufræðinema, var stofnað vorið 2019 eftir að lögreglufræðinemar höfðu verið félagsmenn Þemis eitt starfsár.
- Kumpáni, félag hug- og félagsvísindanema, var stofnað 2004, eftir að nemendur félagsvísindadeildar höfðu verið eitt ár félagsmenn í Magister.
- Magister, félag kennaranema, var stofnað árið 1993 og varð því fjórða deildarfélagið sem stofnað var við HA.
- Reki, félag viðskiptafræðinema, hét áður félag rekstardeildarnema og dregur nafn sitt af því. Félagið var stofnað árið 1990. Á tímabili starfræktu meistaranemar í viðskiptafræði undirfélag Reka sem nefndist A-meistari. Starfsemi þess félags var mjög lítil og starfstími þess stuttur.
- Stafnbúi, félag nema í auðlindafræðum var stofnað árið 1990, um leið og kennsla hófst í sjávarútvegsfræði við HA.
- Þemis, félag lögfræðinema, var stofnað árið 2005 og var þá undirfélag Kumpána. Eftir að hafa verið eitt ár í Magister og undir Kumpána í fimm ár klufu laganemar sig algerlega frá Kumpána í mars 2009 og hefur Þemis starfað óháð öðrum aðildarfélögum síðan.

# Ársskýrsla Data

## Stjórn Data 2019-2020:

**Formaður:** Þórný Stefánsdóttir

**Varaformaður:** Reynir Freyr Hauksson

**Nýnemafulltrúi:** Héðinn Mari Garðarsson

**Gjaldkeri:** Hannes Kristjánsson

**Ritari:** Fjölnir Unnarsson

## Fulltrúar í fastanefndum SHA:

**Fulltrúi í viðburðanefnd:** Þórný Stefánsdóttir

**Fulltrúi í kynninganefnd:** Jevgenija Zlotnikova

Ný stjórn Data var kjörin á aðalfundi félagsins sem fór fram í Háskólanum á Akureyri þann 20. febrúar 2019. Engin mótframboð bárust og því allir meðlimir stjórnarinnar sjálfkjörnir.

## Starfsemi félagsins

Data er nýlegt félag sem samanstendur af tölvunarfræðinemum sem stunda nám við Háskólann í Reykjavík, en einnig eru einhverjir nemendur á 2. og 3. ári í áföngum við Háskólann á Akureyri. Þrátt fyrir að fæstir félagsmenn stundi nám við Háskólann á Akureyri tekur allt félagið virkan þátt í félagslífinu innan HA. Megináhersla félagsins er að halda uppi öflugu félagslífi innan félagsins ásamt því að taka þátt í og skipuleggja viðburði með öðrum aðildarfélögum SHA. Starfsemin felst einnig í kynninga- og hagsmunamálum. Þó er aðallega tekið á hagsmunamálum í Háskólanum í Reykjavík en stjórn Data er félagsmönnum ávallt innan handar þegar kemur að slíkum málum.

## Félagsstarf

### 5. mars – Fyrsti stjórnarfundur nýrrar stjórnar Data

Ný stjórn hittist ásamt fráfarandi stjórn. Það sem helst var rætt með fráfarandi stjórnarmeðlimum var hvað þeim fannst að betur hefði mátt fara í þeirra stjórnartíð. Þar var nefnt að það hefðu mátt vera fleiri vísindaferðir til fjölbreyttari fyrirtækja og ná inn fleiri styrkjum frá fyrirtækjum. Fráfarandi stjórnarmeðlimir nefndu einnig að það væri sniðugt að hafa viðburð þar sem gestafyrirlesari getur farið yfir hvernig á að gera ferilskrá og sækja um starf í tæknigeiranum. Síðan ræddi ný stjórn sín á milli næstu viðburði.

### 16. mars – Árshátíð SHA

Árshátíð SHA var haldin þann 16. mars í hátíðarsal skólans og mætti Data með góðan hóp félagsmanna sem skemmtu sér konunglega. Data mætti ekki með árshátíðaratriði þetta árið, því miður.

### 22. mars – VR kvöld á Borgum

Data hélt hitting fyrir félagsmenn sína á Borgum, það var mjög góð mæting hjá öllum árum tölvunarfræðinnar. Data bauð upp á pizzu og drykki, félagsmenn spjölluðu og spiluðu fram eftir kvöldi.

### 16. apríl – Próflokafögnuður Data

Data tók ekki þátt í próflokapartýi SHA þetta árið frekar en fyrri ár vegna þess að 12. vikna námskeið Háskólans í Reykjavík lýkur eðlilega talsvert fyrr en 15. vikna námskeiðum Háskólans á Akureyri. Stjórn Data skipulagði því próflokafögnuð fyrir tölvunarfræðinema á veitingastaðnum Bryggjunni þar sem félagsmenn gæddu sér á pizzum ásamt drykkjum sem stjórnin niðurgreiddi.

### 29. ágúst – Nýnemakvöld Data

Stjórnin ákvað að halda sér viðburð fyrir nýnema. Þá var farið á Café Amour þar sem boðið var upp á fría drykki fyrir félagsmenn, allir nemar voru beðnir um að kynna sig í stuttu máli og síðan var farið í Pub Quiz. Félagsmenn Reka og Stafnbúa komu svo og skemmtu sér með Data frameftir kvöldi.

## 3. september – Stjórnarfundur Data

Stjórn Data hittist ásamt nýkjörnum nýnemafulltrúa, honum Héðni, þann 3. septermber til þess að ræða málefni komandi annar. Stutt var í Sprellmót og var rætt hversu mikið af drykkjum og pizzum ætti að kaupa fyrir félagsmenn, hvað gera ætti varðandi hæfileikaatriði og hvar ætti að halda fyrirpartý fyrir félagsmenn. Einnig var rætt hvert skyldi fara í næstu vísindaferð og ákveðið að kanna hvaða fyrirtæki gætu tekið á móti okkur.

## 13. september – Vísindaferð til Stefnu

Stefna var tilbúin að halda vísindaferð fyrir tölvunarfræðina svo þangað héldu félagsmenn eftir um það bil mánuð af haustönn. Þar var vel tekið á móti okkur og mæting til fyrirmyndar. Matthías Rögnvaldsson hélt stutta tölu um fyrirtækið og hvernig það varð til, kvöld fór síðan mikið í spjall við starfsmenn og ping-pong.

## 20. september – Sprellmót SHA

Þann 20. september hélt SHA árlegt Sprellmót sem félagsmenn Data tóku að sjálfsögðu þátt í. Þetta árið mættu félagsmenn Data sem hlauparar, útbúin voru keppnisnúmer en annars voru félagsmenn í þeim íþróttafatnaði sem þeim þótti þægilegur. Sprellmótið hófst með hitting heima hjá örlátum meðlim, þar var drukkið og borðað áður en félagsmenn héldu að Ráðhústorgi. Þar kepptu aðildarfélög hvort við annað í hinum ýmsu keppnisgreinum og félagsmenn Data stóðu sig með prýði. Data hafði fengið sérstakt leyfi fyrir því að sýna sitt hæfileikaatriði á Ráðhústorginu, en atriðið sem Data bauð upp á þetta árið var eldspúun. Það vakti einstaklega mikla lukku og höfundar atriðisins fengu að njóta mikilla fagnaðarláta. Þá var haldið af Ráðhústorgi og í hátíðarsal Háskólans á Akureyri þar sem nemendur skólans skemmtu sér saman langt fram eftir kvöldi.

## 1. nóvember – Vísindaferð til ÚA

Önnur vísindaferð Data þetta skólaár var farin ásamt Stafnbúa í Útgerðarfélag Akureyringa. Mæting var góð frá meðlimum beggja félaga, tveir starfsmenn héldu kynningu og skemmti fólk sér vel fram á kvöld.

## 30. janúar til 2. febrúar – Stóra vísindaferð SHA

Fimmtudaginn 30. janúar síðastliðinn fjölmenntu öll aðildarfélög SHA suður til Reykjavíkur, með það að markmiði að komast þar í spennandi vísindaferðir sem ekki er hægt að fara í á Akureyri. Mæting frá Data var frekar dræm þetta árið, en einungis 7 meðlimir sáu sér fært að eyða helginni í Reykjavík. Ekki kom það þó með nokkru móti niður á skemmtun þeirra sem mættu. Farið var í 6 vísindaferðir, sú fyrsta seinnipart fimmtudags, þá var farið í hugbúnaðarfyrirtækið Stokk ásamt öðru aðildafélagi SHA, Reka. Á föstudeginum var farið í tölvuleikjaframleiðandann CCP, iðnaðarrisann Marel og hugbúnaðarfyrirtækið Reon, loks á laugardegi var farið í Ölgerðina og til Samfylkingarinnar.

## 19. febrúar – Aðalfundur Data

Aðalfundur Data var haldinn miðvikudaginn þann 19. febrúar. Þar var farið yfir ársskýrslu félagsins og ársreikning. Næst var kosið í nýja stjórn, öll framboð höfðu skilað sér fyrir fundinn og voru allir sjálfkjörnir án vandkvæða. Nýja stjórn Data skipa; Reynir Freyr Hauksson sem formaður, Sigurður Már Steinþórsson sem varaformaður, Arnar Kjartansson sem gjaldkeri og Guðrún Helga Finnsdóttir sem ritari. Einnig var kosið í embætti kynningarfulltrúa, Jevgenija Zlotnikova bauð sig fram til áframhaldandi setu og Sigurður Már, nýr varaformaður sóttist einnig eftir embættinu. Haldin var nafnlaus kosning á fundinum þar sem Jevgenija hafði sigur. Ekki bárust nein framboð í viðburðanefnd SHA, hvorki fyrir fund né á honum.

## 21. febrúar – VR hittingur Data

Seinasta mál fráfarandi stjórnar var að skipuleggja hitting með félagsmeðlimum á Borgum, stefnt er að því að panta pítsur, drekka og spila eitthvað fram eftir kvöldi föstudaginn 21. febrúar.

## Kynningarmál

Ólafur Jónsson, verkefnastjóri tölvunarfræðideildar HA, hefur frá upphafi verið duglegur við að kynna námið í grunnskólum, framhaldsskólum og hinum ýmsu viðburðum um land allt. Á Opnu dögunum í HA fór Jevgenija Zlotnikova, kynningafulltrúi Data, með kynningu fyrir nemendur nokkurra menntaskóla og Jón Stefán Kristinsson stóð vaktina með Jevgeniju á bás

tölvunarfræðinnar og kynnti og svaraði spurningum varðandi námið. Þórný Stefánsdóttir, formaður Data, fór ásamt Ólafi Jónssyni, verkefnastjóra, til Reykjavíkur á Háskóladaginn sem haldinn var 2. mars í HÍ, HR og LHÍ, til að kynna námið fyrir öllum þeim sem höfðu áhuga.

## Það sem betur mætti fara

Á aðalfundi Data var þetta málefni rætt með öllum þeim meðlimum sem sáu sér fært að mæta. Þar bar hæst á góma að félagslífið í heild sinni sé of kaflaskipt, þ.e.a.s. að einn mánuðinn sé viðburður í hverri viku. En þann næsta sé einn eða jafnvel enginn viðburður, margir félagsmenn sögðust sammála þessu. Þá kom tillaga frá félagsmanni að á þessum daufu tímum félagslífsins gæti félagið haldið kvöld þar sem allir hittast og læra saman, það væri hægt að panta pítsu og drykki og gera stemmingu á meðan. Aðrar athugasemdir komu ekki fram á fundinum.

*Stjórn Data 2019-2020*

# Ársskýrsla Eirar

## Stjórn Eirar 2019-2020:

**Formaður:** Eva María Matthíasdóttir

**Varaformaður:** Sylvía Sif Halldórsdóttir

**Gjaldkeri:** Sigríður Arna Lund

**Ritari:** Katrín Eva Reykjalín Guðmundsdóttir

**Meðstjórnandi:** Eva Björk Birgisdóttir

**Hagsmunafulltrúi:** Herdís Elín Þorvaldsdóttir

**Tengiliður nýnema hjúkrun:**

**Tengiliður nýnema iðjuþjálfa:** Sunna Líf Jóhannsdóttir

**Tengiliður fjarnema:** Andrea Björt Ólafsdóttir

## Fulltrúar í fastanefndum SHA:

**Fulltrúi í viðburðanefnd:** Ásta Guðrún Eydal

**Fulltrúi í kynninganefnd:** Hugrún Sigurðardóttir

## Starfsemi félagsins

Eir er stærsta nemendafélag Háskólans á Akureyri og í því eru nemendur úr hjúkrunarfræði, iðjuþjálfunarfræði og nemar í framhaldsnámi á heilbrigðisvísindasviði. Félagið leggur megináherslu á að halda uppi öflugu félagslífi fyrir félagsmenn sína. Haldnir eru reglulegir viðburðir og vísindaferðir bæði á vegum Eirar og í samstarfi við hin nemendafélögin. Einnig tekur félagið virkan þátt í viðburðum á vegum SHA.

## Félagsstarf

### 20. febrúar 2019 – Aðalfundur Eirar

Fundurinn var haldinn í húsakynnum Háskólans á Akureyri þar sem ný stjórn var kosin. Boðið var upp á pizzur og gos.

## 1-3. mars 2019 – NSSC fundur í Svíþjóð

Hagsmunafulltrúi Eir fór til Svíþjóðar ásamt hagsmunafulltrúa Curator, hjúkrunarnemafélagið í HÍ. Sátum á fundinum ásamt fulltrúum frá Svíþjóð, Noregi, Færeyjum, Danmörku og Finnalandi. Rætt var um hjúkrunarnámið í hverju landi fyrir sig og reynt að samræma námið milli landa. FÍH borgaði allan kostnað fyrir sína fulltrúa.

## 16. mars 2019 – Fyrirpartý Eirar

Fyrsti viðburður nýrrar stjórnar var haldinn í heimahúsi þar sem var fyrirpartý fyrir árshátíð SHA. Fljótandi veigar voru í boði Eirar ásamt snakki og gosi. Um 20 manns mættu og var kvöldið verulega vel heppnað.

## 16. mars 2019 – Árshátíð SHA

Árshátíð SHA var haldin í hátíðarsal Háskólans á Akureyri og meðlimir Eirar létu sig ekki vanta. Eirlingar sýndu glæsilegt myndband sem mikil vinna var lögð í.

## 7. maí 2019 – Aðalfundur FÍH

Formaður Eirar og hagsmunafulltrúi Eirar fóru saman á aðalfund FÍH sem haldinn var á Grand hótel. Fyrir aðalfundinn fórum við á fund með formanni og hagsmunafulltrúa Curator til að styrkja samband á milli félagana og vinna að auknu samstarfi á milli félagana.

## 10. maí 2019 – Próflokapartý SHA

Aðildarfélög SHA slógu saman í próflokapartý á Pósthúsbarnum. Boðið var uppá gylltar veigar í takmörkuðu magni.

## 28. ágúst 2019 – Nýnemadagar heilbrigðisfræðinema

Á nýnemadegi heilbrigðisvísindanema byrjaði dagurinn á því að stjórn Eirar steig á svið í hátíðarsalnum í Háskólanum á Akureyri þar sem starfsemi félagsins var kynnt fyrir nýnemum. Í hádeginu voru grillaðir hamborgarar og boðið uppá gos með. Nýnemar voru hvattir til þess að mæta á nýnemakvöldið sem var sama kvöld.

## 28. ágúst 2019 – Nýnamakvöld Eirar

Nýnemakvöld Eirar var haldið á Bryggjunni. Tilgangurinn með nýnemakvöldinu var að hrista hópinn saman, kynna enn frekar starfsemi félagsins og gefa nýjum nemendum tækifæri til þess

að kynnast betur. Boðið var uppá gylltar veigar og skellt í eitt pubquiz þar sem vinningsliðið fékk gjafabréf uppá 6 gyllta í fötu á Pósthúsbarnum tveimur dögum seinna, þar sem nýnemafögnuður SHA fór fram. Kvöldið var virkilega vel heppnað og mættu um 80 manns.

## 30. ágúst 2019 – Nýnemadagur SHA

Eir tók þátt í nýnemadegi SHA en hann var haldinn meö öllum aðildarfélögum SHA. Deginum var startað við Íslandsklukkuna þar sem meðlimur SHA hringdi klukkunni 19 sinnum. Því næst fór allur hópurinn að Hömrum þar sem hópnum var skipt uppí nokkur lið og ratleikur settur af stað. Boðið var uppá fljótandi veigar og grillaðar voru pylsur. Um kvöldið hélt SHA nýnemapartý á Pósthúsbarnum þar sem boðið var uppá gylltar veigar á meðan birgðir entust.

## 6. september 2019 – Félagsfundur Eirar og nýnemakosningar

Haldin var fundur fyrir sprellmótið til að komast að niðurstöðu varðandi búninga, skemmtiatriði, innkomu og fleira tengt sprellmótinu sjálfu. Einnig var kosið um stöður nýnemafulltrúa iðjuþjálfunarfræðinema og hjúkrunarfræðinema. Fundurinn var haldinn í stofu M202 í Háskólanum á Akureyri. Ákveðið var að búningurinn í ár yrði Hvar er Valli. Stjórn Eirar tók að sér að panta og redda búningum.

## 10. september 2019 – Nýnemakvöld framhaldsnema á Amor

Framhaldsdeild Háskólans á Akureyri hittist á Amor á nýnemadögum deildarinnar þar sem boðið var upp á gylltar veigar.

## 19. september 2019 – Peppkvöld Eirar

Eirlingar hittust í stofu iðjuþjálfunar J210 þar sem afhending búninga fór fram sem og gerð fána fyrir sprellmótið. Æfing fyrir söngatriðið okkar var líka æft. Undirbúningurinn heppnaðist vel og spenningurinn fyrir næsta degi leyndi sér alls ekki.

## 20. september 2019 – Sprellmót SHA

Hið árlega Sprellmót var haldið af viðburðarnefnd SHA. Eirlingar hittust fyrst á Bryggjunni þar sem stjórn Eirar hafði keypt kút af gylltum veigum. Því næst kepptu aðildafélög SHA við hvort annað í hinum ýmsu keppnisgreinum. Fyrst kepptust aðildarfélögin á Ráðhústorginu en síðar var haldið uppí Háskólann á Akureyri þar sem keppt var í allskonar greinum í hátíðarsal

skólans. Nemendur voru þar eitthvað fram eftir kvöldi, eða þar til rúta flutti nemendur niður í bæ. Einhverjir fóru á Pósthúsbarinn, en aðrir héldu heim á leið eftir langan dag. Eir bauð upp á fljótandi veigar yfir daginn og skemmtu allir sér konunglega. Eirlingar lentu í öðru sæti á Sprellmótinu.

## 27-29. september 2019 – NSSC fundur í Danmörku

Hagsmunafulltrúi Eirar fór til Kaupmannahafnar ásamt hagsmunafulltrúa Curator, hjúkrunarnemafélagið í HÍ. Sátum á fundinum ásamt fulltrúum frá Svíþjóð, Noregi, Færeyjum, Danmörku og Finnlandi. Rætt var um hjúkrunarnámið í hverju landi fyrir sig og reynt að samræma námið milli landa. FÍH borgaði flug og hótel fyrir þeirra fulltrúa frá Íslandi.

## 3. október 2019 – Vísindaferð í Kalda

Eirlingar fóru ásamt Stafnbúa og Reka í vísindaferð í Kalda brugghús. Vel var mætt og eftir ferðina hittust allir á Borgum þar sem spjallað og drukkið var frameftir kvöldi.

## 17-19. október 2019 – ENSA fundur í Grikklandi

Hagsmunafulltrúi Eir og Curator fóru saman á ENSA (Europian Nursing Student Association) fund í Aþenu í Grikklandi. Á þeim fundi hittust hjúkrunarnemar frá nánast öllum löndum í Evrópu og báru saman bækur sínar um námið í landinu og hvert hjúkrunarfræðin er að stefna. FÍH sá um allan kostnað fyrir sína fulltrúa.

## 30. október 2019 – Spilakvöld Eirar

Eirlingar hittust í stofu iðjuþjálfunar J210 og við spiluðum saman. Boðið var uppá snakk, gos og nammi. Í kringum 20 manns mættu og heppnaðist mjög vel

## 1. nóvember 2019 – Halloween partý SHA

Öll aðildarfélög SHA héldu Halloween partý á Pósthúsbarnum þar sem boðið var uppá gylltar veigar.

## 14. nóvember 2019 – Litaspinning Eirar

Eir bauð félagsmönnum sínum í spinningtíma í Bjargi. Mjög vel var mætt og allir sveittir og glaðir.

## 16. nóvember 2019 – Blóðsykursmælingar á vegum Lionsklúbbs Akureyrar

Hjúkrunarfræðinemar við Háskólann á Akureyri sáu um að mæla blóðsykur hjá gestum og gangandi á Glerártorgi í samstarfi við Lionsklúbbinn á Akureyri.

## 16. desember 2019 – Próflokapartý SHA

Próflokapartý SHA var haldið á Pósthúsbarnum þar sem boðið var uppá gylltar veigar. Góð mæting var hjá aðildarfélögum SHA og skemmti fólk sér vel.

## 30. janúar – 2. febrúar 2020 – Stóra Vísó

Eir ferðaðist í rútu til Reykjavíkur með Kumpána, Magister, Stafnbúa, Reka, Data, Forseta og Þemis. Lagt var af stað kl 09:00 á fimmtudeginum frá Háskólanum á Akureyri. Eir bauð meðlimum sínum uppá gylltar veigar í rútunni og var stemningin góð alla leiðina. Skráning var góð en alls skráðu sig 22 félagsmenn í ferðina. Mætingin var ekki alveg í takt við skráninguna, en í kringum 15 manns mættu í hverja ferð, flestir mættu á laugardeginum í Ölgerðina og Samfylkinguna.

Strax við komu til Reykjavíkur var ferðinni heitið í vísindaferð í nýtt húsnæði Landspítalans í Skarðshlíð. Við fengum mjög flotta kynningu á bæði starfsemi iðjþjálfa sem og hjúkrunarfræðinga innan Landspítalans. Mjög vel var veitt í heimsókninni þar sem allir gengu nestaðir út af gylltum veigum. Þaðan var ferðinni heitið á Sæta Svínið þar sem við eyddum kvöldinu í karaoke ásamt Kumpána, Forseta og Magister.

Á föstudeginum fóru félagsmenn kl 11:00 í SLF, sem er Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra. Sú ferð kom Eirlingum á óvart og fannst þeim gaman að sjá húsnæði þeirra og fræðast um starfsemi þeirra. Boðið var upp á pizzur sem var mjög vel þegið fyrir þreytta nemendur. Kl. 14:00 var farið í Lazertag í Smáralind þar sem iðjuþjálfunarnemar kepptu á móti hjúkrunarfræðinganemum. Kl. 17:00 fóru Eirlingar ásamt hjúkrunarfræðinemum frá Háskóla Íslands í vísindaferð í Harfnistu í Garðabæ. Mjög vel var mætt og veitt mjög vel bæði í mat og drykk. Eftir vísindaferð bauð Eir HÍ nemum far niðrí bæ, þar sem kútur var keyptu á Den Danske Kro þar sem við drukkum saman fram eftir kvöldi.

Laugardeginum var startað með pizzum og skemmtun í boði Siggu Kling með Kumpána og Magister. Sigga sló í gegn og spáði fyrir okkur. Næst var haldið í sameiginlega vísindaferð í Ölgerðina með öllum nemendafélögunum kl. 16:00. Fengum góðar móttökur í nýja salnum þeirra þar boðið var uppá allar veigar frá Ölgerðinni. Þaðan fórum við á Café Orange þar sem við hittum fulltrúa frá Samfylkingunni. Eftir það fóru rútunar ýmist með okkur niðrí bæ eða á hótelið og svo var djammað fram eftir nóttu.

Lagt var svo af stað heim á sunnudeginum frá Hótel Cabin kl. 11:00 með stoppi á KFC í Mosfellsbæ. Heilt yfir var ferðin mjög vel heppnuð, allir ánægðir og spenntir fyrir næstu Stóru Vísó.

*Stjórn Eirar 2019-2020*

# Ársskýrsla Forseta

## Stjórn Forseta 2019-2020:

**Formaður:** Bjartur Ari Hansson

**Varaformaður/ritari:** Aron Björn Guðmundsson

**Gjaldkeri:** Ársól Þöll Guðmundsdóttir

**Fjarnemafulltrúi:** Fannar Örn Kolbeinsson

FORSETI

## Fulltrúar í fastanefndum SHA:

**Fulltrúi í viðburðanefnd:** Dagný Karlsdóttir

**Fulltrúi í kynninganefnd:** Brynjar Helgi Jónsson

Fyrsta stjórn Forseta var kjörin á stofnfundi Forseta sem fram fór 18. febrúar 2019 í stofu N102 í Háskólanum á Akureyri. Lög félagsins voru kynnt félagsmönnum og loks samþykkt einróma. Kosið var um embætti formanns á milli Bjarts Ara Hanssonar og Dagnýjar Karlsdóttur en aðrir frambjóðendur í stjórn voru sjálfkjörnir. Að lokum kosningu, var stjórn skipuð af eftirfarndi einstaklingum: Bjartur Ari Hansson, formaður, Aron Björn Guðmundsson, varaformaður, Þuríður Kvaran Guðmundsdóttir, ritari, Ársól Þöll Guðmundsdóttir, gjaldkeri og Fannar Örn Kolbeinsson, fulltrúi fjarnema.

## Starfsemi Félagsins

Félagið Forseti er eitt af átta aðildarfélögum SHA og er félag lögreglufræðinema við Háskólann á Akureyri. Megináhersla félagsins er að stuðla að góðu félagslífi stúdenta og gæta hagsmuna þeirra. Félagið hefur á starfsárinu skipulagt flotta viðburði á borð við Mjólkurkvöld Hug- og félagsvísindasviðs, Stóru Vísó, Sprellmótið og lotuhittinga.  Þá felst starfsemi félagsins einnig í kynningamálum og haf fulltrúar stúdenta þar tekin virkan þátt. Stjórn Forseta er ætíð til staðar fyrir félagsmenn sína, þegar á þarf að halda. Telur stjórn Forseta að hún hafi sýnt það og sannað á fyrsta starfsári félagsins, að hún sé til staðar þegar á þarf að halda.

## Félagsstarf

### 18.02.19 - Stofnfundur Forseta

Orri Kristjánsson, laganemi var fundarstjóri og kynnti lög félagsins sem samþykkt voru á fundnum. Kosið var í stjórn félagsins auk þess sem óskað var eftir fulltrúum í fastanefndir SHA. Ný stjórn var loks skipuð á fundinum, líkt og kemur fram hér að ofan.

### 27.02.19 - Fyrsti Stjórnarfundur Forseta

Mættir voru Aron Björn Guðmundsson, Ársól Þöll Guðmundsdóttir, Bjartur Ari Hansson og Þuríður Kvaran Guðmundsdóttir. Þuríður Kvaran sagði sig úr starfi ritara Forseta og tilnefndi Þórð Þorsteinsson og Dagnýju Karlsdóttur í stöðu ritara. Á fundinum var farið yfir fjárhagsáætlun sem Ársól, gjaldkeri lagði fram. Ákveðið var að bæta félagslíf fjarnema og bjóða til bjórkvölds í lok lotunnar hjá MSL. Nýr ritari var kosinn af sitjanid stjórn (Aron, Ársól og Bjartur) í leynilegri kosningu og var Þórður Þorsteinsson kjörinn ritari. Farið var yfir hvernig félagið gæti mögulega safnað styrkjum fyrir komandi starfsár.

### 08.04.2019 - Stjórnarfundur Forseta

Erindi fundarins var skipulagnign Sprellmóts þar sem ákveðið var að panta Amour til þess að hita upp fyrir komandi átök. Einnig voru hlutverk stjórnarmeðlima skipulögð á nýnemadögum og hvar ætti að halda nýnemagleði. Starfsáætlun félagsins var einnig skipulögð sem og fjárhagsáætlun.

### 26.08.2019 - Nýnemadagur Hug- og félagsvísindasviðs

Forseti tók þátt í því að kynna sig fyrir nýnemum á morgni mánudags í nýnemaviku ásamt Þemis, Magister og Kumpána. Lögreglufræðinemar voru flestir ekki mættir vegna misskilnings í tölvupósti sem sendur var á nýnema. Farið var í stofur þegar nýnemar voru mættir, til þess að kynna nýnemahittinginn sem átti sér stað um kvöldið. Formaður og varaformaður sáu um að grilla hamborgara ofan í liðið ásamt góðum sjálfboðaliðum frá hinum aðildarfélögunum. Félögin á Hug- og félagsvísindasviði ákváðu hvert og eitt félag myndi hefja kvöldið á sínum stað og sameinast í lok kvölds á Pósthúsbarnum þar sem Forseti

var búinn að koma sér fyrir og voru þar keyptir tveir kútar í boði félaganna og var kostnaði skipt hlutfallslega á milli félaganna. Skemmtunin var afar góð og virtust allir fara sáttir heim.

### 30.08.2019 - Nýnemadagur SHA

Forseti tók þátt í nýnemadegi SHA, þátttaka lögreglufræðinema hefði mátt vera betri en það er skiljanlegt að margir hafi verið farnir heim á föstudeginum. Það skemmtu sér þó allir vel og lengi um kvöldið og sá formaður Forseta ásamt fjarnemafulltrúa um að halda uppi stemmingu með tónlistarvali sínu.

### 12.09.19 - Peppfundur fyrir Sprellmót / Nýnemafulltrúa kosning

Bjartur var fundarstjóri og var stjórnin einnig öll mætt. Kosið var í stöðu nýnemafulltrúa og var það Sunna Brá Valsdóttir sem bar sigur af hólmi enda drógu mótframbjóðendur hennar framboð sín til baka. Doddi sá um að redda gjafabréfum fyrir dómarana á Sprellmótinu og mönnuðum við allar helstu þrautir mótsins á þessum fundi. Einnig var farið yfir það að allir skyldu koma vel fram og ekki vera með dónaskap í garð annarra, sama hversu mikið keppnisskapið gæti verið.

### 19.09.2019 - Stjórnarfundur Forseta

Rætt var um skipulagningu Sprellmótsins og hlutverkum skipt niður á stjórn. Farið var sérstaklega yfir það að gæta þess að vera ekki með dónaskap í garð annarra á Sprellmótinu og að vera til fyrirmyndar. Farið var yfir fjármál og kennitala félagsins var loks kynnt stjórnarmeðlimum.

### 20.09.2019 - Sprellmót SHA

Sprellmót SHA fór fram með hefðbundnum hætti þar sem félögin byrjuðu mótið á Ráðhústorgi eftir að hafa sameinast í upphitun nokkrum stundum fyrir. Forseti átti góða hópeflingu á Amour þar sem félagsmenn lærðu nöfn hvors annars og kynntust vel. Því næst var haldið út og það með glæsibrag, tókum við þátt í öllum liðum dagskránnar á Sprellmótinu og bárum við sigur af hólmi með miklu stolti og fórum sátt niður í bæ að móti loknu (þau sem höfðu orku eftir) og fögnuðum vel.

## 08.10.19 - Stjórnarfundur Forseta

Viðstaddir voru Ársól Þöll, Fannar Örn, Aron Björn, Bjartur Ari og Doddi. Mál á dagskrá voru lotugleði lögreglufræðinema, Stóra Vísó og fjármál. Kannaður var áhugi stjórnar á því að sameina lotugleði 1. árs nema og 2.-3. árs nema til að hafa stórt kvöld á Borgum með spilum, pizzu og bjór. Ekki var nægilegur áhugo eða nógu góð rök fyrir sameiningu svo önnur úrræði komu til.

## 15.10.19 - Lotuhittingur 1. árs nema Forseta og Kumpána

Sameiginlegt lotukvöld fyrir félagsvísinda- og lögreglufræðinema á vegum Kumpána og Forseta var haldið. Kahoot keppni á Pósthúsbarnum sló í gegn, þá var keyptur kútur af bjór og var tónlist í boði formanns og fjarnemafulltrúa Forseta. Þessi hittingur sló í gegn og voru allir ánægðir.

## 17.10.19 - Lotuhittingur 2. og 3. árs nema Forseta og Kumpána

Reynt v ar að hafa hitting í sama dúr og hjá 1. árs nemeum, nema nú á Borgum þar sem í boði var bjór, tónlist og beerpong. Kvöldið endaði á stólaleik þar sem sigurvegari fékk gjafabréf í Bjórböðin. Þessi hittingur hefði mátt fara betur.

## 01.11.19 - Halloween hittingur SHA 2019

Árlegur viðburður á vegum SHA og aðildarfélaga. Forseti tók þátt en mæting félagsmanna var afar dræm, formaður mætti ekki en tók Ársól Þöll, gjaldkeri þátt fyrir hönd félagsins.

## 11.11.19 - Stjórnarfundur Forseta

Viðstaddir voru Aron, Fannar, Ársól, Bjartur ásamt Sunnu og Þórði í gegnum síma. Mál á dagskrá voru próflokafögnuður, sem átti að heita mjólkurkvöld hug- og fél. Ætlunin var að halda það á Amour, kaupa 2 kúta og skipta kostnaði hlutfallslega á milli félaganna. Nýnemafulltrúi, Sunna, auglýsti í tíma hjá fjarnemum.

## 22.11.19 - Mjólkurkvöld Hug og fél

Hug- og fél stóðu fyrir hittingi á Amour þar sem félögin keyptu 2 kúta og var karókí í boði á staðnum. Fólk skemmti sér gríðarlega vel og var þetta heppnaður hittangur sem talað var um að mætti endurtaka árlega. Kostnaði var skipt hlutfallslega.

## 28.01.2020 - Stjórnarfundur Forseta

Viðstaddir voru Aron og Bjartur, mál á dagskrá voru eftirfarandi: Fráfarandi stjórnarmeðlimir, fjármál, breyting á lögum Forseta, aðalfundur Forseta og Stóra Vísó. Bjartur og Aron skiptu með sér hlutverkum fyrir Stóru Vísó en þar á meðal var helst að skipuleggja vísindaferðirnar, útvega veigum og samkomustað fyrir brunch í Reykjavík.

## 30.01-02.02.20 - Stóra Vísó

Ferðin var með hefðbundnu sniði, þar sem að SHA hafði skipulagt sameiginlegar ferðir. Stjórn Forseta skipulagði vísindferðir sérstaklega ætlaðar lögreglufræðinemum og var farið í ISR matrix, Reykjavík Escape og Lögregluminjasafnið. Félagsmenn héldu sig þétt saman í þessari ferð og fóru út að borða bæði í hádegis- og kvöldmat auk þess sem félagsmenn fóru saman út á lífið á kvöldin. Segja má að ferðin hafi verið hápunktur félagslífsins á starfsárinu ásamt Sprellmótinu.

## 18.02.20 - Lotuhittingur 1. árs nema Forseta

Hittingur var haldinn á Amour kl 20:00 og var full mæting. Félagsmenn skemmtu sér konunglega og var karókíið vel brúkað er fólk var orðið kennt. Formaður borgaði kútinn, gjaldkeri lét sjá sig síðar um kvöldið en varaformaðurinn var heima veikur. Hittingurinn sló í gegn og voru allir sáttir með kvöldið.

## 19.02.2020 - Aðalfundur Forseta

Vel var mætt á fundinn í stofu M203 kl 08:00. Bakkelsi og kaffi var í boði Forseta og SHA, og gerðu gestir á því góð skil. Farið var yfir eina málið á dagskrá sem var sameining Forseta og Kumpána, stjórn fór yfir helstu kosti og galla þess að sameinast félaginu og svaraði fyrirspurnum fundargesta. Því næst var skipup gjörstjórn og kosið um sameiningu með þeirri niðurstöðu að Forseti skildi halda áfram sem sjálfsætt félag og var fundi slitið í bili, með því skilyrði að fundað yrði aftur að viku liðinni þar sem að formleg dagskrá aðalfundar skv. lögum Forseta myndi fara fram.

## 19.02.20 – Kósýkvöld Kumpána og Forseta (Lotuhittingur 2. og 3. árs nema Forseta og Kumpána)

Keyptur var hálfur kútur á R5 og var staðurinn opinn almenningi, sökum misskilnings í skipulagningu. Lögreglufræðinemum sem komu seint var meinað inngangа vegna fólksfjölda á staðnum þar sem staðurinn leyfði ekki svo margar. Formaður tók þá ákvörðun að lögreglufræðinemar skyldu halda á Backpackers til þess að geta skemmt sér öll saman. Endaði kvöldið svo þar sem lokaði klukkan 23:00 og ætluðu lögreglufræðinemar þá að fara aftur á R5 í von um að setjast þar inn, svo var ekki en nokkrir fengu þó að síga inn fyrir. Þar sem stjórnarmeðlimum var meinað inngangа af sömu ástæðum og fyrr um kvöldið, þá fóru staðarnemar saman í heimapartý og reyndu að gera gott úr virkilega illa heppnuðu lotukvöldi.

## Það sem betur mátti fara

Lotuhittingar fyrir 2. og 3. árs nema á vorönn fóru ekki vel, gæti verið að það hafi ekki verið sniðugt að sameinast með Kumpána þar sem að félögin virttust hafa mis mikinn áhuga. Fundargerðir stjórnar Forseta gætu hafa verið betur skipulagðar og komið á sama stað í docs. En það fór sem fór, enda hætti ritari félagsins eftir stutta tíma í stjórn og næsti ritari sem var ksipaður, sagði skyndilega af sér í desember.

## Það sem kom ekki fram í fundagerðum

Mikið stóð til í fyrstu lotu 1. árs nema Forseta þegar háskólinn upplýsti nemendur um það að þeir nemendur sem ekki kæmust í MSL, gætu ekki haldið námi sínu áfram við háskólann. Stjórn Forseta fundaði um málið og sendi út fjöldapóst á nemendur um það hvað stjórnin ætlaði að gera í þessu máli og óskaði eftir spurningum frá nemendum sem stjórn Forseta tók að sér að safna saman. Formaður Forseta fékk fulltrúa SHA í háskólaráði, Sólveigu Maríu Árnadóttur formann SHA til þess að fá rektor á fund með nýnemum þar sem nýnemar spurðu ýmissa spurninga er málið varðaði. Nýnemar voru vinsamlega beðnir um að vera kurteisir á fundinum og gekk það misvel. Að loknum fundi, vann formaður Forseta áfram að málinu ásamt formanni SHA, sem tók að sér að safna saman öllum spurningum frá

nemendum og óskaði jafnframt eftir nánari upplýsingum og gögnum sem gætu hjálpað nemendum. Öllum spurningum var svarað í Uglu en mis vel gekk að fá nákvæmari upplýsingar og göng frá nemendum.

Gjaldkeri flutti suður, ritari hætti í stjórn og nýnemafulltrúi komst ekki í MSL og hætti því í stjórn sem og í háskólanum. Þá lýsti fjarnemafulltrúi yfir áhugaleysi fyrir því að vera í stjórn eftir áramót 2019. Eftir þetta voru fundir stjórnarinnar einungis skipaðir af formanni og varaformanni en héldu héldu þó fast í vonina um að félagið myndi ganga vel og er von þeirra að félagið muni áfram ganga vel á komandi starfsári. Telja þeir að þeir hafi stjórnað félaginu með sóma með því að halda sínu strikið áfram.

*Fyrir hönd stjórnar Forseta 2019-2020*
*Bjartur Ari Hansson formaður*
*Aron Björn Guðmundsson varaformaður*

# Ársskýrsla Kumpána

## Stjórn Kumpána 2019-2020

**Formaður:** Steinunn Alda Gunnarsdóttir

**Varaformaður:** Birgitta Birgisdóttir

**Fjármálastjóri:** Eva Matthildur Benediktsdóttir

**Ritari:** Thelma Rut Rögnvaldsdóttir

**Fulltrúi sálfræðinema:** Særún Halldórsdóttir

**Nýnemafulltrúi:** Agnes Ögmundsdóttir

## Fulltrúar í fastanefndum SHA:

**Fulltrúi í alþjóðanefnd:** Sæunn Valdís

**Fulltrúi í viðburðanefnd:** Bergrós Birna Sigurgeirsdóttir

**Fulltrúi í kynninganefnd:** Fanný Traustadóttir

**Fulltrúi í fjarnemanefnd:** Karítas Birna Eyþórsdóttir

## Aðalfundur Kumpána 2019

Aðalfundur Kumpána 2019 var haldinn þann 12. febrúar í Háskólanum á Akureyri. Óli Valur Pétursson, þáverandi formaður óskaði eftir að taka að sér fundarstjórn og Særós Gunnlaugsdóttir, þáverandi ritari óskaði eftir því að vera fundarritari, sem var samþykkt. Egill Bjarni Friðjónsson, Andrea Sif Steinþórsdóttir og Birna Heiðarsdóttir buðu sig fram í kjörnefnd, sem var samþykkt. Óli Valur fór yfir ársskýrslu Kumpána og Elín Helga Björnsdóttir, þáverandi fjármálastjóri fór yfir ársreikning Kumpána. Tillögur að lagabreytingum voru samþykktar.

## Kosningar í stjórn og nefndir

Á aðalfundi buðu Natalia Olender og Steinunn Alda Gunnarsdóttir sig fram til formanns Kumpána, Birgitta Birgisdóttir til varaformanns, Eva Matthildur Benediksdóttir til fjármálastjóra, Thelma Rut Rögnvaldsdóttir til ritara og Særún Halldórsdóttir til fulltrúa sálfræðinema. Framboð í fastanefndir SHA voru að Fanný Traustadóttir bauð sig fram

til fulltrúa Kumpána í kynningarnefnd, Bergrós Birna Sigurgeirsdóttir til fulltrúa viðburðarnefndar, Karítas Birna Eyþórsdóttir til fulltrúa fjarnemanefndar og Sæunn Valdís til fulltrúa alþjóðarnefndar. Niðurstöður kosninga voru að Natalia laut í lægra haldi fyrir Steinunni Öldu og var Steinunn því rétt kjörinn formaður Kumpána. Aðrir frambjóðendur voru sjálfkjörnir.

## Breytingar í stjórn

Á aðalfundi lauk Steinunn Alda Gunnarsdóttir sínu embætti sem nýnemafulltrúi og gafst félagsmönnum tækifæri að bjóða sig fram í embættið út skólaárið. Natalia Olander bauð sig fram og var því sjálfkjörin. Agnes Ögmundsdóttir og Óttar Haraldsson buðu sig fram sem nýnemafulltrúar í byrjun haustmisseris og voru þau sjálfkjörin. Óttar hætti í námi í september og ekki náðist fylla hans stað.

## Hagsmunamál

Félagsmenn Kumpána hafa verið virkir í hagsmunamálum stúdenta. Steinunn Alda Gunnarsdóttir hefur verið fulltrúi stúdenta inn á deildarráðs- og sviðsfundum hug- og félagsvísindasviðs ásamt því að sitja vinnufundi sálfræðideildar. Þar hefur hún verið rödd stúdenta og gætt hagsmuna þeirra eftir bestu getu. Einnig hefur hún verið fulltrúi Kumpána í Stúdentaráði Háskólans á Akureyri. Steinunn hefur tekið virkan þátt í skipulagningu Landsþingi LÍS 2020 sem haldið verður á Akureyri 6.-8. mars næstkomandi. Steinunn og Karen Jónsdóttir hafa setið sem fulltrúar stúdenta í stjórna FÉSTA og hafa haft mikil áhrif á breytingar félagsins þá aðallega tengt umhverfismálum. Steinunn var einnig skipuð í sjálfsmatsteymi Sálfræðideildar sem fulltrúi BA nema í staðarnámi ásamt Vöku Halldórssdóttur sem er fulltrúi BA nema í fjarnámi. Særún Halldórsdóttir hefur verið fulltrúi sálfræðinema á deildarfundum sálfræðideildar og Daníel Gunnarsson hefur verið áheyrnafulltrúi inn á deildarfundum félagsvísindadeildar. Daníel var skipaður af deildarformanni í vinnuhóp um endurskoðun reglna og leiðbeininga um BA verkefni félagsvísindadeildar. Ásamt því var hann einnig skipaður sjálfsmatsteymi félagsvísindadeildar sem fulltrúi BA nema í staðarnámi, með honum situr Kamilla Einarsdóttir sem fulltrúi BA nema í fjarnámi.

Þegar upp hafa komið fyrirspurnir sem snúa að námi eða ef óánægja hefur verið með námskeið hefur stjórn Kumpána unnið að því að beina málum í rétta átt eða farið með mál í viðeigandi farveg.

## Styrkir og fjáröflun

Stjórn Kumpána endurnýjaði starfssamning við Dominos þar sem samningurinn hljóðaði upp á 180.000 kr inneign. Það var til þess að Kumpáni gat nýtt pizzurnar til endursölu og varð því aðal fjáröflun félagsins. Í kjölfar þess að Kumpáni fékk nýtt kennimerki var ákveðið að kaupa peysur merktar Kumpána og gekk það ágætlega. Nú verður hægt að panta aftur peysur og mun það koma út í gróða fyrir félagið þar sem búið er að greiða stofnkostnað. Félagið fékk einnig fjárstyrk frá Ekta Fiskur ehf.

## Skemmtanamál

Skemmtanamál Kumpána þetta starfsár voru fjölbreytt og skemmtileg. Áhersla var lögð á að allir félagsmenn gætu notið vel af skemmtunum Kumpána. Einnig vildi stjórn Kumpána efla samstarf félaga innan hug- og félagsvísindasviðs.

## Árshátíð SHA

Fyrsta verkefni nýrrar stjórnar var að skipuleggja árshátíðaratriði. Meðlimir félagsins tóku sig saman og bjuggu til myndband og texta um hin aðildarfélögin. Egill Bjarni Friðjónsson hélt utan um atriðið og útfærsluna og á hann hrós skilið fyrir þá vinnu. Árshátíðin var haldin í Háskólanum á Akureyri og var hún frábær í alla staði. Það var góð mæting hjá Kumpánum og stemningin var framúrskarandi.

## Próflokapartý vormisseris 2019

Sameiginlegt próflokapartý SHA var haldið 11. maí á Pósthúsbarnum líkt og venjan hefur verið síðustu misseri. Kumpáni hélt fyrirpartý á Amour þar sem félagsmenn gæddu sér á Dominos pizzum og fljótandi veigum áður en haldið var á Pósthúsbarnum.

## Nýnemadagar og nýnemakvöld

Nýnemadagurinn var haldinn 26. ágúst 2019 og gekk hann vel. Kumpáni var með kynningu bæði fyrir nýnema á félagsvísindadeild og sálfræðideild. Þar fengu nýnemarnir kynningu á

starfsemi og stjórn félagsins, fyrirhuguðum viðburðum, ásamt því að vera hvattir til að skrá sig í Kumpána og að finna okkur á samfélagsmiðlum. Í hádeginu stóðu stjórnarmeðlimir hug- og félagsvísindasviðs vaktina og grilluðu hamborgara fyrir svanga nýnema. Um kvöldið var haldinn viðburður fyrir fyrsta árs nema á Bryggjunni. Mæting var mun betri en við áttum von á og hafði plássleysi ekki áhrif á að fólk naut sín.

## Sprellmót 2019

Sprellmót SHA var haldið þann 20. September 2019. Kumpáni hélt peppfundi til þess að skapa skemmtileg stemningu fyrir Sprellmótið. Alls voru 35 Kumpánar skráðir á Sprellmótið og gekk undirbúningur vel. Ákveðið var að verða SIMS karakterar og voru búningar því ódýrir og skemmtilegt var að útbúa þá saman. Stemningin var ótrúlega góð hjá félagsmönnum og auðvelt var að manna allar keppnir og þrautir. Kumpáni var með einstaklega gott skemmtiatriði en það var vísa sem hann Egill Bjarni samdi og fór með þar sem gert var létt grín af hinum aðildarfélögunum. Við þökkum Agli kærlega fyrir það.

## Lotuhittingar

Lotuhittingar Kumpána voru fjórir á haustmisseri, tveir fyrir félagsvísindadeild og tveir fyrir sálfræðideild. Þeir fyrri voru haldnir með Forseta, annar á Pósthúsbarnum og hinn á Borgum. Samstarfið gekk vel og mætingin var mjög góð. Hinir hittingarnir voru haldnir á sama stað og gengu þeir einnig vel.

## Sameiginlegur viðburður hug- og félagsvísindasviðs

Sameiginlegt Mjólkurkvöld í nóvember þar sem meðlimir aðildarfélaganna fjögurra áttu ánægjulega stund saman á Cafe Amour. Kvöldið heppnaðist mjög vel og var mætingin góð. Meðlimir úr öðrum félögum komu og greiddu því pening fyrir að vera með.

## Próflokapartý haustmisseris 2019

Próflokapartý SHA var haldið mánudaginn 16. desember 2019 á Pósthúsbarnum. Það var afar slök mæting hjá öllum aðildarfélögum.

## Stóra Vísó 2020

Stóra Vísó var haldin 30. janúar til 2. febrúar í Reykjavík. Ferðin byrjaði á sameiginlegum viðburði á Sæta Svíninu með Magister, Forseta og Eir. Á föstudeginum var farið í vísindaferðir til Landsnets, Cohn og Wolfe og Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og lauk kvöldinu með sameiginlegum kvöldverði á Hamborgarafabrikkunni með Magister. Á laugardeginum fengu félagsmenn Kumpána og Eirar skemmtilega heimsókn frá Siggu Kling áður en farið var í ferðir á vegum SHA í Ölgerðarinnar og síðan til Samfylkingarinnar.

## Að lokum

Samstarf aðildarfélaga á Hug- og félagsvísindasviði hefur verið einstaklega gott þetta árið. Hafa félögin verið í miklu samráði þegar kemur að viðburðum og hagsmunamálum inni á deildaráðs- og sviðsfundum. Einnig var sameiginlegur fundur hjá öllum stjórnum félaganna til að ræða hugmyndir fyrir Stóru Vísó, sem var framfylgt eftir bestu getu. Teljum við að gott samstarf hafi eflt öll aðildarfélögin, þar sem við höfum sótt stuðning hjá hvort öðru og vonumst við til þess að komandi stjórn haldi þessu góða samstarfi áfram. Sjórn Kumpána er afar þakklát fyrir liðið starfsár og óskum við nýrrar stjórnar góðs gengis á komandi starfsári.

*Stjórn Kumpána, 13.2.2020*

# Ársskýrsla Magister

## Stjórn Magister 2019-2020:

**Formaður:** Helena Sjørup Eiríksdóttir

**Varaformaður:** Kamila Kinga Świerczewska

**Gjaldkeri:** Harpa Mjöll Fossberg

**Samskiptafulltrúi:** Karitas Fríða Wiium

**Fulltrúi fjarnema:** Helga Þóra Steinsdóttir (til maí 2019) og Lína Dóra Hannesdóttir (til janúar 2019)

**Fulltrúi nýnema:** Gabríela Sól Magnúsdóttir (til maí 2019) og Hrafnhildur Ósk Birgisdóttir

## Fulltrúar í fastanefndum SHA:

**Fulltrúi í alþjóðanefnd:** Lína Dóra Hannesdóttir (ágúst 2019 til nóvember 2019)

**Fulltrúi í viðburðanefnd:** Díana Björk Friðriksdóttir og Harpa Mjöll Fossberg (til október 2019)

**Fulltrúi í kynninganefnd:** Kamila Kinga Świerczewska

## Aðalfundur Magister 2019

Aðalfundur Magister 2019 var haldinn í Háskólanum á Akureyri þann 20. febrúar 2019. Helena Sjørup Eiríksdóttir, sitjandi formaður óskaði eftir því að Sólveig María Árnadóttir yrði settur fundarstjóri og Sigríður Kristjana Ingimarsdóttir sem fundarritari, sem var samþykkt. Heiða Björg Guðjónsdóttir, Þóra Kristín Þórarinsdóttir og Lína Dóra Hannesdóttir buðu sig fram í kjörnefnd og var það samþykkt. Helena Sjørup fór yfir ársskýrsluna og þar sem skýrsla gjaldkera var ekki tilbúin fyrir aðalfundinn var ákveðið að boða til auka aðalfundar 1. mars þar sem einungis var farið yfir skýrslu gjaldkera og afgreiðslu reikninga, á þeim fundi voru allir reikningar samþykktir. Breytingar á lögum voru allar samþykktar á sjálfum aðalfundinum.

## Kosningar í stjórn

Fyrir aðalfund hafði Helena Sjørup Eiríksdóttir, sitjandi formaður boðið sig fram til endurkjörs, Kamila Kinga Świerczewska til varaformanns, Harpa Fossberg til gjaldkera, Karitas Fríða Wiium til samskiptafulltrúa og Helga Þóra Steinsdóttir til fulltrúa fjarnema. Harpa Fossberg bauð sig einnig fram í viðburðanefnd og Kamila Kinga í kynninganefnd. Engin bauð sig fram í alþjóðanefnd og tókst ekki að manna þá stöðu fyrr en á haustmisserinu.

## Breytingar í stjórn

Helga Þóra, fulltrúi fjarnema hætti í náminu í ágúst og tók Lína Dóra við hlutverki fjarnema fulltrúa í staðinn og sem fulltrúi í alþjóðanefnd.

## Hagsmunamál

Formaður, Helena Sjørup Eiríksdóttir, hefur verið fulltrúi nemenda á deildarfundum kennaradeildar og á deildarráðs- og fræðasviðs fundum hug- og félagsvísindasviðs. Þar hefur formaður verið rödd nemenda og gætt hagsmuna þeirra eftir bestu getu. Helena er einnig fulltrúi í námsnefnd og matsnefnd kennaradeildar sem gætir hagsmuna nemenda. Síðasta ár hefur verið annríkt þar sem Helena Sjørup hefur tekið virkan þátt í sjálfsmatsvinnu kennaradeildarinnar ásamt Kristínu Guðrúnardóttir og Karen Ósk Kristjánsdóttir. Einnig hafa komið upp málefni sem tengjast hagsmunamálum nemenda, þar má nefna opinn fund v. frumvarps til breytinga á leyfisbréfum kennara, þar sem rætt var um drög að frumvarpi til nýrra laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla og hvað mögulegu breytingar gætu orðið á uppsetningu námsins. Í framhaldi af fundinum sendi Stjórn Magister ásamt stjórn SHA frá sér umsögn á samráðsgáttina þar sem farið var inn á kosti frumvarpsins og þá þætti sem þarfnaðist endurskoðunar. Einnig hefur Helena Sjørup setið í námsnefnd og þar hafa verið breytingar á náminu, þar er vert að nefna fyrirhugaða námsleið, Meistari í kennslufræðum (e. Master of Teaching), betur þekkt sem MT nám sem kennaradeild mun bjóða upp á samhliða M.Ed. námi. Fyrra árið verður sameiginlegt báðum námsleiðum og til að byrja með verður boðið upp á val milli þriggja áherslusviða í stað ritgerðar í MT náminu, nám á sviði máls og læsis, upplýsingatækni í skólastarfi og skóla margbreytileikans. Sem þýðir að nemar taki þrjú 10 ECTS námskeið á því áherslusviði

sem þeir velja i stað þess að skrifa 30 ECTS rannsóknarritgerð. Talið er að þetta muni auka aðsókn í meistaranámið.

Í tengslum við Kennó, LHÍ og KÍ var stofnaður vinnuhópur í kringum vinnu á stofnun aðildarfélags fyrir kennaranema undir KÍ. Fyrir hönd Magister eru það Helena Sjørup Eiríksdóttir, formaður Magister, Karitas Fríða Wiium, samskiptafulltrúi Magister og Sólveig Birna Elísabetardóttir og Gunnur Vignisdóttir fyrsta árs stúdentar sem sitja í þessum vinnuhóp. Vinnuhópurinn hefur fundað tvisvar sinnum hér á Akureyri og var stuttur hádegisfundur í Reykjavík 1. febrúar með tengiliðum úr Kennó um stöðu mála. Á næstu vikum mun fara fram áframhaldandi vinna í von um að hún nái að klárast fyrir þing hjá KÍ í apríl.

Stjórn Magister fóru á fund með Guðmundi Engilbertssyni, formanni kennaradeildar og brautarstjórunum tveimur, þeim Kristínu Margréti Jóhannsdóttur og Önnu Elísu Hreiðarsdóttur. Þar voru kennslumál rædd og fyrirhugaðar breytingar á uppsetningu náms og innleiðingu nýrrar námsleiðar. Í framhaldi af fundinum var ákveðið að stefna að því að stjórn kennaradeildar og stjórn Magister reyni að funda einu sinni á misseri héðan í frá til að styrkja tenginguna við nemendur.

Fyrsta árs nemar kennaradeildar voru fyrsti hópurinn til að fara í gegnum samtalsmiðað námskeiðsmat. Undirbúningsvinna fyrir nemenda leitt, samtalsmiðað námskeiðsmat hefur staðið yfir við skólann síðan 2018 eftir samþykkt Gæðaráðs HA. Samtalsmiðaða matið felur í sér að fá umræðu nemenda um námsumhverfið í heild, sem og þau námskeið sem nemendur taka það misserið, á skipulagt form sem hægt er að vinna úr upplýsingar sem nýtast deildinni og skólanum í heild að fylgjast upplifun með nemenda og gera úrbætur þar sem tilefni er til. Þar sem þetta var tilraunakeyrsla í janúarlotu var farið yfir haustmisseri að þessu sinni. Formaður Gæðanefndar SHA ásamt Helenu Sjørup Eiríksdóttur, fulltrúa kennaradeildar í Gæðanefnd SHA og Sólveigu Birnu Elísabetardóttur, fulltrúa fyrsta árs kennaranema í námskeiðsmati stjórnuðu fundi með fyrsta ársnemum í janúarlotu 2020. Fundurinn gekk með eindæmum vel og komu margir áhugaverðir og uppbyggilegir punktar sem teknir voru saman í skýrslu sem formaður Gæðanefndar SHA ásamt formanni Magister afhentu og kynntu fyrir deildarformanni kennaradeildar.

## Félagsstarf

Á haustmisserinu var ákveðið að fá tilboð á Múlaberg í mat og drykk fyrir 2. og 3. árs nemendur. Þriðja árs nemarnir fjölmenntu á Múlaberg og áttu ánægjulega stund en var lítill áhugi fyrir því hjá annars árs nemunum. Vandamál Magister á þessu stjórnartímabili var mæting meðlima á viðburði á eigin vegum og á vegum SHA. Virkilega léleg mæting í Halloween partý, lítill sem enginn áhugi fyrir próflokadjammi í desember og slök mæting á Mjólkurkvöld sem haldið var á vegum allra aðildarfélaga Hug- og félagsvísindasviðs. Það er ekki að borga sig fyrir okkur að vera í kútakaupum þar sem mæting félagsmanna er dræm. Það borgar sig á nýnemadögum.

Ákveðið var að halda einn veglegan lotuhitting fyrir allt grunnnámið, þar sem þau voru öll í lotu á sama tíma í janúar. Lotuhittingurinn var á Borgum þann 14. janúar og var markmiðið að hittast og eiga ánægjulega stund saman. Magister bauð upp á veitingar bæði í fljótandi og föstu formi. Virkilega góð mæting og væri óskandi að lotur í grunnnámi væru á sama tíma til að efla þar að segja að vera ekki með lotuhittinga á. Áhugi fyrir lotuhittingi í M.Ed. náminu var ekki mikill og reyndi félagið að kanna áhuga og koma með hugmyndir en lítill áhugi var til staðar.

## Árshátíð SHA 2019

Fyrsta verkefni nýrrar stjórnar var að skipuleggja árshátíðaratriði. Samið var lag um öll aðildarfélögin. Heiða Björg Guðjónsdóttir bauð öllum meðlimum Magister sem ætluðu að fara á árshátíðina í fyrirpartý heima hjá sér. Árshátíðin gekk vel fyrir sig, góðar veitingar og stemmningin á borði Magister alveg hreint framúrskarandi. Við sömdum lag um Týndu aðildarfélögin og það sló í gegn.

## Próflokapartý SHA

Sameiginlegt próflokapartý SHA var haldið á Pósthúsbarnum 11. maí. Aðildarfélög keyptu kúta líkt og venjan er og kvöldið var vel heppnað, mikið dansað og almennt mjög skemmtilegt. Mæting Magister hefði mátt vera betri.

## Nýnemadagar og nýnemakvöld

Nýnemadagurinn, 26. ágúst 2019 gekk vel fyrir sig. Magister var með kynningu ásamt kennurum deildarinnar fyrir nýnema þar sem þeir fengu kynningu á starfsemi félagsins, viðburðum skólaársins og þeir hvattir til þess að skrá sig í félagið. Einnig var búið að gera lokaðan Facebook-hóp fyrir 1. árs nemana og fengu allir nemarnir upplýsingar um hann í kynningunni. Í hádeginu stóðu stjórnarmeðlimir hug- og félagsvísindasviðs vaktina og grilluðu hamborgara fyrir svanga nýnema. Um kvöldið var nýnemakvöld Magister haldið á Café Amour. Ágætis mæting þar sem var spjallað saman og fólk kynntist aðeins betur. Seinna um kvöldið sameinuðust öll aðildarfélög Hug- og félagsvísindasviðs á Pósthús, sem gekk ótrúlega vel fyrir sig.

Nýnemakvöld framhaldsnema í Magister, Eir og Þemis var á Café Amour 10. september 2019. Tilgangurinn var að kynna hópinn en það var dræm mæting. Vert er að taka fram að það var nýnemi í kennaradeild sem fékk þann heiður að hringja Íslandsklukkunni og setja skólaárið formlega.

## Skráningar í félagið

Alls voru 143 nemar sem skráðu sig í félagið í ár, sem eru fleiri en í fyrra. Í öllum nýnemakynningum á haustmisserinu var nemendum sýnt hvernig þeir áttu að skrá sig í félagið og þeim sýnt bæði lokaði hópur og like-síða Magister á Facebook. Nemendur fengu að vita að þar kæmu fréttir og tilkynningar um viðburði og annað sem við kemur félaginu. Eldri nemendur fengu áminningu um að skrá sig í gegnum vefmiðla félagsins.

## Sprellmót SHA

Sprellmót SHA var haldið þann 20. september 2019. Það voru haldnir peppfundir þar sem þátttakendur Magister komu saman og huguðu að undirbúningi. Alls voru 28 manns sem tóku þátt í Sprellmótinu og undirbúningur gekk vel. Stórt hlutfall þátttakenda eru á fyrsta ári. Ákveðið var að vera íslenskir sjómenn og voru búningar því ódýrir og gátu flest allir reddað sér sjómannafötum með því að fá lánað. Auðvelt var að manna þátttakendur í þrautir og átti Magister flotta innkomu á Ráðhústorg þar sem búið var að útbúa stefni með merkingunni “Magister SM19”. Fengum marga frábæra vinninga til að múta dómurum og lentum við í 3.

sæti. Skemmtiatriðið var söngatriði þar sem sungið var Stolt siglir fleyið mitt og gekk það vel fyrir sig og var heildarmyndin góð þar sem við sátum sem sjómenn í bátnum á meðan sungið var.

## NLS Studerandeforum

Karitas Fríða, samskiptafulltrúi, fór ásamt Elfu Ingvadóttur, gjaldkera Kennó (nemendafélags kennaranema í HÍ) fyrir hönd Kennarasambands Íslands á NLS Studerandeforum í Stokkhólmi, Svíþjóð. Rauði þráðurinn á ráðstefnunni var kennaraskortur, sem því miður virðist vera ríkjandi á norðurlöndunum. Á föstudeginum var farið út að borða og hópurinn náði aðeins að kynnast áður en ráðstefnan byrjaði. Á laugardeginum var byrjað á því að fara í létta göngu um Stokkhólm en síðan var haldið til höfuðstöðva Lärarförbundet. Í Lärarnar hus er aðstaða þeirra virkilega góð og fór því mjög vel um alla þessa tvo daga. Umræður dagsins voru aðallega að kynnast hvort öðru og kynntu norðurlöndin sín félög og sögðu frá hvaða kostir félögin buðu uppá sem og hvað þeim mætti bæta. Á sunnudeginum komu gestir frá Philipseyjum, Malaví og Gambíu. Þau sögðu frá því hvernig aðstaða kennara og kennaranema væri og var það mjög áhugavert. Vegna alþjóðlega dag kennara sem var 5. október, var gefin út sameiginleg yfirlýsing um þann mikla kennaraskort sem öll norðurlöndin eru að glíma við.

## Samstarf aðildarfélaga á Hug- og félagsvísindasviði

Samstarf aðildarfélaga á Hug- og félagsvísindasviði hefur verið einstaklega gott þetta árið. Hafa félögin verið í miklu samráði þegar kemur að viðburðum og hagsmunamálum inni á deildaráðs- og sviðsfundum. Sameiginlegt Mjólkurkvöld í nóvember þar sem meðlimir aðildarfélaganna fjögurra áttu ánægjulega stund saman. Einnig var sameiginlegur fundur hjá öllum stjórnum félaganna til að ræða hugmyndir fyrir Stóru Vísó, sem var framfylgt eftir bestu getu. Teljum við að gott samstarf hafi eflt öll aðildarfélögin, þar sem við höfum sótt stuðning hjá hvort öðru og vonumst við til þess að komandi stjórn haldi þessu góða samstarfi áfram.

## Samstarf við Kennarasambandið (KÍ)

Helena Sjørup Eiríksdóttir og Karítas Fríða Wiium, samskiptafulltrúi Magister hafa séð um samskipti við Kennarasamband Íslands (KÍ) á starfsárinu. Ragnar, formaður KÍ, Anna, varaformaður og Elísabet Anna Vignir, þjónustufulltrúi sjóða komu í nóvember og

hittu meistaranema og ræddu um málefni sem tengjast nýju leyfisbréfunum, réttindum og styrki sem hægt er að sækja hjá KÍ. Í kjölfarið funduðu þau með stjórn Magister og var rætt um málefni kennaranema og væntingar kennaranema um félag undir merkjum KÍ. Samstarfið hefur verið gott og teljum við að það muni eflast enn frekar í framtíðinni.

## Samstarf við Kennó

